



# SAMEYKI

Tímarit Sameykis / 3. tbl. 2022 / sameyki.is

## Í aðdraganda kjarasamninga

Formaður BSRB, Sonja Ýr Þorbergsdóttir, segir að fyrirtækin hafi svigrúm til að hækka laun og þurfi ekki að velta þeirri hækkun út í verðlagið.

Framleiðni, eða framleiðsla á hverja vinnustund, hefur líka aukist á Íslandi.

>> Bls. 6

## Hafna löggjöf ESB um lögbundin lágmarkslaun

Fram kom á NSO-ráðstefnunni sem haldin var í Noregi að ástæða þess að Norðurlöndin hafa ekki áhuga á að lögfesta tilskipun ESB um lágmarkslaun er sú að á Norðurlöndunum er samband milli vinnuveitenda og launafólks í gegnum aðild að stéttarfélögum og kjarasamningum sem þau gera.

>> Bls. 18

## Stærri leigumarkaður hjálpar tekjulágum

Ólafur Margeirsson, doktor í hagfræði, skrifar um íslenskan húsnæðismarkað. Hann segir að stórukið magn af íbúðum til leigu haldi leigu- og fasteignaverði niðri sem aftur hjálpi þeim helst sem eru með lægstu tekjurnar. Lífeyrisjóðir sem greiða engan fjármagnstekjuskatt ættu að taka þátt í að fjármagna og byggja upp leigumarkaðinn.

>> Bls. 8

## Kaldhæðnisleg fullyrðing að opinberir starfsmenn séu byrði á samfélaginu

Gylfi Zoega, prófessor í hagfræði, skrifar um laun og kjarasamninga. Segir hann að sátt á vinnumarkaði feli ekki einungis í sér samninga um kaup og kjör heldur einnig að fólki finnist það búa í réttlátu samfélagi. Gylfi segir að milljarða arðgreiðslur úr fyrirtækjum sem veita grunnþjónustu séu heldur ekki líklegar til að skapa sátt og að gjá hafi myndast á milli hinna ýmsu þjóðfélagshópa. Þá segir hann að kaldhæðnislegt sé að einstaka stjórnmalamenn tala eins og sumar þessara stétta séu byrði á samfélaginu vegna þess að þær starfa innan opinbera geirans.

>> Bls. 20-23

# Verið úti!

## Ábyrgðarmaður

Pórarinn Eyfjörð

## Ritstjóri

Axel Jón Ellenarson

## Greinarhöfundar

Gylfi Zoega

Guðmundur Freyr Sveinsson

Haldór Baldursson

Haraldur Jónasson

Höskuldur Einarsson

Ingibjörg Jónsdóttir

Kristín Erna Arnardóttir

Kristófer Ingi Svavarsson

Ólafur Margeirsson

Stefanía Jóna Nielsen

## Prófarkalestur

Bjarni Benedikt Björnsson

## Forsíðumynd

Birgir Ísleifur Gunnarsson

## Skrifstofa Sameykis

Grettisgata 89 - 105 Reykjavík

Símar: 525 8340 / 525 8330

Netfang: sameyki@sameyki.is

Veffang: sameyki.is

ISSN: 1670-881

## EFNISYFIRLIT

- 4 Af vettvangi Sameykis
- 6 Í aðdraganda kjarasamninga
- 8 Kjaravetur framundan
- 10 Hafna löggjöf ESB um lögbundin lágmarkslaun
- 12 Stærri leigumarkaður hjálpar tekjulágum
- 14 Nauðsynlegt að Norðurlöndin standi saman
- 17 Afleiðingar streitu á heilsu fólks á vinnumarkaði
- 18 Fangaverðir á flóttu
- 20 Um laun og kjarasamninga
- 24 Uppbyggingu orlofshúsa í Munaðarnesi lokið
- 26 Genfarskólinn lykll að betra samfélagi
- 28 Einn segir þetta, annar segir hitt
- 30 Evran og hagsmunir félagsfólks í Sameyki
- 32 Kjaraviðræðukjötlökukaloriubomba
- 34 Gott að vita!
- 36 Af vettvangi Sameykis
- 38 Krossgátur

## Prentun

Prentmet Oddi. Tímarit Sameykis er prentað á umhverfisvænan og svansvottaðan pappír úr hringrásarferli Svansins. Einnig er tímaritið prentað með svansvottuðum jurталitum en ekki jarðolíulitum.



**P**að hefur verið aumkunarvert að sjá og heyra forystufólk þjóðarinnar og sendisveina atvinnurekenda senda launafólki tóninn fyrir komandi kjarasamninga.

Forystufólk atvinnurekenda kyrjar sömu möntruna um nauðsynlega hógvæð og vinnandi fólks og innan úr Seðlabanka og Stjórnarráðinu heyrast nú raddir um að ekkert sé til í ríkiskassanum, ekkert svigrúm til launahækkana sé til staðar, reiknað launahlutfall sé alltof hátt: Það sé bara ekkert til skiptanna! Við sjáum á sama tíma hvernig eigendur fyrirtækja á almennum markaði hafa fitað launatékkana til stjórnenda en á sama tíma blásið í herlúðra gegn hugsanlegum launakröfum almennings.

Síðasta ár var metár fyrir mörg fyrirtæki og fjármagnseigendur. Stór hluti þeirra græddi á tá og fingri. Þvílík veisla var á hlutabréfamarkaði að menn höfðu bókstaflega ekki séð annað eins. Menn ryksuguðu til sín stórgroða og nýttu hann meðal annars til að sópa til sín fasteignum á markaði þannig að framboð datt niður í nánast ekki neitt og verð fasteigna hækkaði með áður óséðum hraða. Með ofvaxið eigið fé og lánsfé á gjafverði var íbúðaverð sprengt upp þannig að samfélagið verður án efa mörg ár að jafna sig eftir þessa atlögu.

Með góðum stuðningi Seðlabankans, með sínum vaxtalækkandi og -hækkandi skautadansi, hefur fjöldi fjölskyldna komist í veruleg vandræði. Það var gert með vanhugsuðum stýrivaxtabreytingum og fullyrðingum um að verðtryggingin væri dauð. Nú væri heldur betur gósentíð og fjármagn kostaði svo gott sem ekki neitt. Ríkisstjórnin hefur á sama tíma staðið fyrir skattalækkunum og breytingum á tekjustofnum, sem hafa bæði rýrt möguleika ríkisins til að standa fyrir nauðsynlegri uppbyggingu á innviðum og styrkja velferðarkerfi okkar þannig að það standist eðlileg gæðaviðmið.

Það er vel sýnilegt hvernig sjávarútvegurinn, stóriðjan og ferðaþjónustan hafa blásið út. Arðgreiðslur eru í hæstu hæðum og greiðslur til samfélagsins fyrir aðgang að náttúruauðlindum eru í engu samræmi við ofurhagnað stórutgerða. Skattlagning á hagnaði og arðgreiðslum er út úr öllu korti og tími til kominn til að færa þjóðinni aftur það sem þjóðin á. Svo ekki sé minnst á að skila

á aftur til þjóðarinnar þeim hagnaði að stærstum hluta þegar eignir eru fluttar frá nýtingaraðila auðlinda til næstu kynslóðar eða óskyldra aðila. Hugmyndin um efnahagsstefnu fyrir almannahag er víðs fjarri á stjórnarheimilinu og fjármálaelítan hlær með kreppta stálfnefa í silkihönskum.

Það er deginum ljósara að í okkar ágæta landi búa tvær þjóðir – almenningur og hinir ríku. Núverandi ríkisstjórn hefur séð til þess að gjáin milli þessara tveggja þjóða hefur í hennar tíð gliðnað. Hér er ekki um að ræða að byggja brýr. Þessa gjá þarf að fylla upp í. Það þarf að stöðva eignatilfærsluna sem hefur átt sér stað og ná fjármunum almennings til baka. Það þarf sanngjarna skattlagningu á ofurhagnað og hina efnameiri. Það þarf tilfærslu fjármuna og tækifæra til hinna ungu og efnaminni og það þarf að ná fram jöfnuði og jafnræði á ný í okkar ágæta samfélagi. Nýfrjálsbyggjan og hugmyndafræði hennar, ásamt varðstöðu þeirra efnahags- og valdameiri um hagsmuni sjálfra sín hefur skaðað samfélag okkar nóg. Það er löngu tímabært að koma hugmyndafræði nýfrjálsbyggjunnar, og forréttindum hinna ofurríku, undir græna torfu.

Í komandi kjarasamningum þarf að vanda vel til verka. Það þarf að lyfta hinum tekjulægri verulega og það þarf að tryggja eðlilegar, sanngjarnar og nauðsynlegar launahækkningar til millitekjuhópanna. Áskoranir vinnandi fólks og stéttarféлага þeirra eru augljóslega að berjast fyrir auknum jöfnuði hér á landi, aukinni velsæld, sterkara heilbrigðiskerfi, verulegri hækkun launa þess fólks sem lægst hefur launin, auknum kaupmætti fyrir félagsmenn alla og betri húsnæðismarkaði fyrir almenning. Aukin heldur þarf að knýja opinbera atvinnurekendum til að standa við gerða samninga. Samningurinn um jöfnun launa milli markaða sem gerður var 2016 hefur verið fótum troðinn af hálfu opinberra atvinnurekenda. Það er ekki hyggilegt fyrir ríki, Reykjavíkurborg og sveitarfélögin að gera ráð fyrir að samningar náist ef ekki verður búið að tryggja efndir samningsins í tíma.

Verkalýðshreyfingin þarf nú að sýna samstöðu og samtakamátt. Það er óþarfi að taka því þegjandi að vera sagt að vera úti meðan valda- og fjármálaelítan gleypir í sig kræs-

ingarnar innan dyra og almenningur er fastur í framfærslukrísu. ■





**Heilbrigðis- og velferðarnefnd Sameykis boðar til**

# MÁLÞINGS UM KULNUN

Heilbrigðis- og velferðarnefnd Sameykis boðar til opins málþings um kulnun eða starfsprot á vinnustað. Málþingið verður haldið þriðjudaginn 1. nóvember, kl. 16:15 -18:15, á Grettisgötu 89, 1. hæð.

## Umfjöllunarefni

Einkenni sem benda til þess að einstaklingur sé að fara í starfsprot eða á við einkenni um kulnun í starfi að etja. Fjallað verður um leiðir til þess að koma í veg fyrir kulnun í starfi og starfsprot, hvort sem er á vinnustað eða í einkalífi.

## Fyrirlesarar

**Ragnhildur Þórðardóttir**, betur þekkt sem Ragga nagli, sálfræðingur og þjálfari.

## Geir Gunnar Markússon

Næringarfræðingur NLFÍ

**Líney Árnadóttir**, sérfræðingur á forvarnarsviði hjá Virk starfsendurhæfingu

*Að fyrirlestrum loknum er boðið upp á spurningar og umræður.*

*Skráning hafin á vef Sameykis, [sameyki.is](http://sameyki.is)*



**SAMEYKI**

STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAPJÓNUSTU

# Mikilvægt að félagsfólk sé upplýst um sín lífeyrisréttindi

BSRB stóð fyrir fræðslufundi um lífeyrismál í lok ágúst. Lífeyrismál hafa verið til umræðu í Þjóðhagsráði og stjórnvöld hafa lýst því yfir að vilji þeirra standi til að boða til heildarendurskoðunar lífeyrismála í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins. Gerðar voru umfangsmiklar breytingar á skipan lífeyrismála á opinberum vinnumarkaði árið 2017 og lífslíkur félagsfólks BSRB og sjóðfélaga í LSR og Brú eru að aukast sem kallar á afstöðu bandalagsins til þessara mála. Pórey S. Þórðardóttir framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða og Ragnheiður Helga Haraldsdóttir sviðstjóri áhættustýringarsviðs Brúar lífeyrissjóðs héldu meðal annarra erindi um lífeyrismál.

## Gott lífeyriskerfi en gallar á því

„Lífeyrissjóðakerfið er gríðarlega stórt í eignum talið. Sjóðirnir innan sambandsins eru ólíkir en einn af göllum er hve margir sjóðirnir eru. Það má fækka þeim og um leið tryggja að í sjóðunum séu málsvarar stéttarfélaganna í þeim. Landssamband lífeyrissjóða á að gæta hagsmuna allra félagsmanna. Árlega

er haldinn stefnumótunarfundur og í ár verður áherslan á að kryfja starfsemi landssamtakanna. Einnig á landssambandið í samstarfi utan landsteinanna þar sem miðlað er upplýsingum um starfsemi lífeyrissjóða. Þá er eignasafnið gríðarlega stórt hjá lífeyrissjóðunum, það stækkar hratt og mun gera það áfram. Skuldbindingarnar eru þó miklar og spurning hvort sjóðirnir munu standa undir lífeyrisgreiðslum í framtíðinni vegna hækkandi lífaldurs þjóðarinnar,“ sagði Pórey.



LSR er stærsti lífeyrissjóðurinn innan sambandsins að sögn Póreyjar. VR og LSR eru með 90 prósent eigna sjóðsins. Áskoranirnar eru að þjóðin er að eldast þó að hún sé enn ung, en þróunin er sú að færri ungt fólk mun standa undir kerfunum þegar horft er til framtíðar. Stoðir lífeyriskerfisins eru þrjár; opinbert kerfi, sameignarsjóður og séreignarsjóður. Fyrsta stoðin eru almannatryggingar – tekjutengdar greiðslur sem allir munu alltaf þarfnast. Önnur stoðin er skyldubundið samtryggingarkerfi, lífeyrisgreiðslur sem geta hafist frá 60–80 ára og þriðja stoðin er frjálst lífeyris-sparnaður, laus til útborgunar frá 60 ára aldri. Eru skiptar skoðanir

um þessar stoðir og mikilvægt að félagar lífeyrissjóðanna séu upplýstir um sín lífeyrisréttindi.

## Skuldbindingar lífeyrissjóða aukast

Ef ekkert er að gert munu skuldbindingar lífeyrissjóðanna aukast vegna hækkandi lífaldurs en hlutfall launa í iðgjöldum getur ekki hækkað miðað við fjárförfina. Þess vegna þarf að endurskoða hvernig við þessu verður brugðist; annaðhvort með skerðingu á lífeyrisréttindum,

þ.e. að viðkomandi fái lægra um hver mánaðamót eða hvort hækka eigi viðmiðunardurinn til lífeyristöku. Í þessu sambandi eru mörgum spurningum enn ósvarað.

„Áhrif lífeyristöku miðað við hækkun lífaldurs að meðaltali 88 ára er framreiknað að sjóðurinn yrði 185 milljarðar en ef lífslíkur væru óbreyttar væri hann eins og hann er nú 220 milljarðar. Því verður sjóðurinn í mínus vegna aukinna lífslíkna en væri í plús ef lífslíkur væru óbreyttar,“ sagði Ragnheiður Helga. ■

## Nýtt starfsfólk á skrifstofu Sameykis



Harpa Björk Hilmarsdóttir hefur verið ráðin í starf verkefnastjóra orlofsmála hjá Sameyki og hóf störf í vor sl. Harpa Björk er fædd 9. janúar 1991 og sleit hún barnsskónum á Álftanesi sem nú tilheyrir Garðabæ. Hún er menntuð í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og stundar meistaranám í verkefnastjórnun frá sama skóla meðfram vinnu sinni hjá Sameyki.

Harpa Björk vann áður á skrifstofu Hrafnistu í Hafnarfirði og hafði umsjón með ýmsum verkefnum tengdum hjúkrunardeildum á stofnuninni, en hún hóf störf hjá Hrafnistu fljótlega eftir útskrift 2016. Harpa Björk býr með ungum dætrum sínum tveimur í Breiðholti í Reykjavík. ■



Sameyki hefur ráðið til starfa Ingibjörgu Dís Gylfadóttur. Hún mun sinna einu af þremur hlutverkum verkefnastjóra sjóða í Félagsdeild Sameykis.

Ingibjörg Dís starfaði áður hjá stéttarfélaginu Eflingu, en þar áður vann hún í hópadeild hjá Icelandair í nokkur ár. Verkefni hjá Eflingu fólust í að skipuleggja og stýra daglegum verkum sjóða félagsins.

Ingibjörg Dís er menntuð í grafskri miðlun, með sveinspróf frá Tækniskóla Íslands. Ingibjörg er fædd 1964 og býr í Garðabæ með manni sínum Heimi Baldurssyni prentara og eiga þau tvö uppkomin börn og tvö barnabörn. ■

# Evrópsk verkalýðsfélög og vinnuveitendur skrifuðu undir sögulegan samning



Evrópsk verkalýðsfélög og vinnuveitendur skrifuðu undir áætlun 28. júní sl. fyrir vinnumarkaðinn. Um er að ræða lagalega bindandi samkomulag um „fjarvinnu og rétt til að aftengjast“. ETUC, BusinessEurope, SGI Europe og SMEunited undir-

rituðu áætlunina að viðstöddum framkvæmdastjóra framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, Valdis Dombrovskis, við hátíðlega athöfn í Brussel. Samkomulagið samanstendur af sex meginþáttum: Fjarvinnu og rétti til að aftengjast, grænum umskiptium, atvinnu ungmenna, vinnutengdri persónuvernd og eftirliti, bættri hæfnisamsvörun í Evrópu og getuuppbyggingu sem er sameiginlegt verkefni til að endurskoða skilvirkni á gæðum uppbyggingarverkefna og greina þær hindranir við að innleiða rammisamninga aðila vinnumarkaðarins.

Í kjarasamningi Sameykis við ríkissjóð í grein 6.2.2, og í kjarasamningi Sameykis við Reykjavíkurborg í grein 7.2.2, segir til um skil á milli vinnu og einkalífs: „Gert er ráð fyrir því að starfsfólk geti sinnt reglubundnum störfum sínum innan hefðbundins vinnudags. Mikilvægt er að stofnanir setji sér viðverustefnu þar sem m.a. er skerpt á skilum milli vinnu og einkalífs. Í þeim tilvikum sem starfsfólk þarf að sinna vinnu utan hefðbundins vinnutíma skal það koma fram í starfslýsingu og starfskjörum viðkomandi. Að öðrum kosti skal greiða sérstaklega fyrir vinnuframlag sem yfirmaður krefst af starfsmanni utan hefðbundins vinnutíma.“ ■

## Engin töfralausn á mönnunarvandannum

Fram kemur í umsögn BSRB um áform stjórnvalda að hækka hámarksaldur heilbrigðisstarfsmanna ríkisins í 75 ár að það sé ekki nein töfralausn á vanda spítalans og að fleiri mikilvæga þætti þurfi að skoða áður en slík ákvörðun er tekin.

### Breytingar út frá sjónarhóli starfsfólksins, ekki atvinnurekenda

Að mati BSRB mun hækkan hámarksaldurs heilbrigðisstarfsmanna ríkisins ekki leysa þann vanda sem breytingunum er ætlað að gera. Samkvæmt þeim upplýsingum sem bandalagið hefur þá hefur ekki farið nein könnun fram meðal þeirra heilbrigðisstarfsmanna sem nú nálgast starfslokaaldur á því hvort þau hafi hug á að starfa lengur en til 70 ára aldurs. Þau störf sem um ræðir eru mörg hver slítandi störf þar sem mikið mæðir á starfsfólkinu alla daga og undanfarin ár hafa verið gífurlega erfið fyrir þennan sama hóp. Það er því vandsæð að hér sé um einhvers konar töfralausn að ræða. Það þarf að huga vel að þeim atriðum



Afar mikilvægt er að breytingar sem þessar séu gerðar á forsendum og út frá sjónarhóli starfsfólksins en ekki atvinnurekenda. *Ljósmynd/Axel Jón*

sem hafa verið nefnd hér að framan varðandi lífeyrismál og önnur réttindi en einnig þarf að tryggja að starfsfólk sé ráðið á sömu eða betri kjörum en það hefur starfað samkvæmt. Það gengur ekki að starfsfólk sem ákveður að starfa lengur en til 70 ára aldurs sé ráðið í tímavinnu og sé þar með á mun lakari kjörum og með lakari réttindi en það

hafði áður en það náði 70 ára aldri. Afar mikilvægt er að breytingar sem þessar séu gerðar á forsendum og út frá sjónarhóli starfsfólksins en ekki atvinnurekenda.

Lesi má umsögn BSRB í heild sinni vef bandalagsins, [bsrb.is](http://bsrb.is). ■

# Í aðdraganda kjarasamninga

Eftir Sonju Ýr Þorbergsdóttur

Flestir kjarasamningar á almennum vinnumarkaði eru lausir 1. nóvember nk. en á opinbera vinnumarkaðnum í lok mars 2023. Fjölmíðlaumfjöllun í aðdraganda kjarasamninga er þegar hafin þar sem gjarnan er haft eftir atvinnurekendum, Seðlabankanum og ríkisstjórninni að svigrúm til launahækkana sé lítið. Hér verður fjallað aðeins nánar um svigrúmið og sýn BSRB á umræðuna.



## Hvað er svigrúm?

Svigrúmið svokallaða vísar til mælieininga eins og launahlutfalls, framleiðni og samkeppnishæfni. Þau sem telja svigrúmið lítið minnst ekkert á að launahlutfallið, eða hlutdeild launafólks í verðmætasköpun fyrirtækja, var lægra á árinu 2021 en 2018 í flestum öðrum greinum almenna markaðarins en ferðaþjónustu (Sjá: *Kjaratölfræðinefnd (2022) og Vorskýrslu 2022 á vef Kjaratölfræðinefndar, ktn.is*). Þetta þýðir að fyrirtækin hafa svigrúm til að hækka laun og þurfa ekki að velta þeirri hækkun út í verðlag. Framleiðni, eða framleiðsla á hverja vinnustund, hefur líka aukist á Íslandi og ef lítið er aftur

“

Þetta veldur því að sumum stjórnámálamönnum og forsprökkum í atvinnulífinu hættir til að tala um almannaðjónustu sem bagga á efnahagslífi þjóðarinnar en ekki grunnforsendu allrar frekari verðmætasköpunar.

til aldamóta má segja að vöxtur launa og framleiðni hafi haldist nokkurn veginn hönd í hönd þó heldur halli á launin í því sambandi (Sjá: *Arnaldur Sölvi Kristjánsson og Róbert Farestveit. (2022). Launaþróun og framleiðni. Vísbanding, 6(40), bls. 2-3*). Hvað samkeppnishæfni varðar þá er samkeppnisstaða stærstu útflutningsgreinanna á Íslandi mjög hagfeld um þessar mundir og eftirspurn mikil eftir sjávarafurðum, áli og Íslandi sem áfangastað. Svigrúm til launahækkana er því svo sannarlega til staðar og allt tal um annað er úr lausu lofti gripið.



Ófjármagnaðar skattalækkningar síðustu ára fela því í raun í sér þá stefnu að ríkið vilji veita minni þjónustu, takmarka aðgengi að henni eða láta þá sem þurfa á þjónustunni að halda borga meira.

## Hvers virði er opinber þjónusta?

Á opinbera markaðnum snýst svigrúmið hins vegar um stefnumörkun í opinberum fjármálum. Hvaða grunnþjónustu við viljum veita, hvort við viljum tryggja aðgengi allra að nauðsynlegri þjónustu, hvað fólk á að borga fyrir slíka þjónustu og hvernig við tryggjum gæði þjónustunnar. Á undanförunum árum hafa ýmsir skattar verið lækkaðir án þess að ríkið hafi fundið aðrar leiðir til tekjuöflunar. Ófjármagnaðar skattalækkningar síðustu ára fela því í raun í sér þá stefnu að ríkið vilji veita minni þjónustu, takmarka aðgengi að henni eða láta þá sem þurfa á þjónustunni að halda borga meira.

BSRB hefur ítrekað varað við þessari stefnu sem hefur nú þau áhrif að tekjur hins opinbera standa ekki undir því þjón-

“

Hvað varðar BSRB má einna helst rekja þá þróun til þess að krónutöluhækkunar valda hlutfallslega meiri hækkunum fyrir lægri launin og svo hefur stytting vinnuvikunnar haft áhrif til hækkunar launavísitölu. ... Þá má ekki gleyma því að samhliða breytingum á skipan lífeyrismála á opinberum vinnumarkaði lofuðu stjórnvöld því að laun yrðu jöfnuð milli vinnumarkaðanna tveggja.

ustustigi sem við teljum viðunandi til að tryggja velferð og jöfnuð. Þetta er m.a. staðfest af ríkisstjórninni í fjármálaáætlun fyrir árin 2023–2027 og í álitserð fjármálaráðs um áætlunina. Margar mikilvægar stofnanir eru því vanfjármagnaðar og eiga sífellt erfiðara með að laða til sín starfsfólk vegna lakra launakjara og erfiðs starfsumhverfis. Nærtækustu dæmin eru Landspítali og leikskólar þó það sama eigi við um fjölmargar opinberar stofnanir. Þessi staða veldur því að álag á starfsfólk vex stöðugt og þjónustan skerðist smám saman með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á samfélagið.

Almannþjónustan myndar grunnstoðir samfélagsins og skapar gríðarleg samfélagsleg verðmæti. Það er hins vegar flóknara og minni hefð fyrir því að meta þessi verðmæti í krónum og aurum en þau verðmæti sem fyrirtæki skapa og selja sem vöru og þjónustu á markaðsverði. Þetta veldur því að sumum stjórnáráðgjöf og forsprökkum í atvinnulífinu hættir til að tala um almannþjónustu sem bagga á efnahagslífi þjóðarinnar en ekki grunnforsendu allrar frekari verðmætasköpunar. Það segir sig eiginlega sjálft að góð heilbrigðis- og félagsþjónusta og öflugt menntakerfi eru ekki síður mikilvæg fyrir fyrirtækin en fólk í landinu. Áhrifin á einstaklingana eru þó miklu skýrari. Lenging biðlista eftir nauðsynlegum aðgerðum bitnar harðast á sjúklingum og fjölskyldum þeirra og skortur á leikskólaplássum bitnar á ungum börnum og aðstandendum þeirra.

Veiking grunnþjónustunnar gerir starfsaðstæður þeirra sem henni sinna verri. Hún kemur líka verst niður á þeim sem

hafa lægstu launin og eru í störfum sem bjóða upp á lítinn sveigjanleika. Grunnþjónustu er að miklu leyti sinnt af konum sem treysta jafnframt á hana til þess að geta sinnt störfum sínum. Skerðing á nauðsynlegri þjónustu takmarkar getu kvenna til þess að sinna starfi sínu og eykur álag á þær utan vinnutíma.

### Bæta þarf kjörin á opinbera vinnumarkaðnum

Í vorskýrslu Kjaratölfræðinefndar 2022 kemur fram að laun innan hversra heildarsamtaka launafólks eru alltaf hæst á almenna markaðnum. Á kjarasamningstímabilinu hafa laun á opinbera markaðnum hækkað hlutfallslega meira að með-



*Fjöldi mikilvægra stofnana eru því vanfjármagnaðar og eiga sífellt erfiðara með að laða til sín starfsfólk vegna lakra launakjara og erfiðs starfsumhverfis. Nærtækustu dæmin eru Landspítali og leikskólar þó það sama eigi við um fjölmargar opinberar stofnanir.*

altali en á þeim almenna. Hvað varðar BSRB má einna helst rekja þá þróun til þess að krónutöluhækkunar valda hlutfallslega meiri hækkunum fyrir lægri launin og svo hefur stytting vinnuvikunnar haft áhrif til hækkunar launavísitölu.

Þá má ekki gleyma því að samhliða breytingum á skipan lífeyrismála á opinberum vinnumarkaði lofuðu stjórnvöld að laun yrðu jöfnuð milli vinnumarkaðanna tveggja. Sömuleiðis vitum við að ein meginástæðan fyrir kynbundnum launamun er hversu kynskiptur vinnumarkaðurinn er og fleiri konur starfa á opinberum vinnumarkaði en hinum almenna. Til þess að tryggja grunnstoðir samfélagsins er mikilvægt að við greiðum þeim stéttum sem sinna opinberri þjónustu sanngjörn og réttlát laun. Í aðdraganda kjarasamninga er óhjákvæmilegt að litið sé til stöðu ríkissjóðs og sveitarfélaganna og að tekjuöflunarkerfi þeirra geti tryggt þá velferð, jöfnuð og kjarabætur sem samfélagsgerð okkar hverfist um. Hið opinbera þarf styrka tekjustofna og ábyrga skattlagningu svo hægt sé að manna þær mikilvægu stöður sem starfsfólk almannþjónustunnar sinnir og af þeim gæðum sem samfélagið gerir kröfu um. ■

*Höfundur er formaður BSRB.*

# Stærri leigumarkaður hjálpar tekjulágum

Eftir Ólaf Margeirsson

Oft er rætt á Íslandi að byggja þurfi „ódyrt húsnæði“. Sé það gert muni fátækir finna húsnæðið sem þeir eru að leita að, sem dragi mjög úr örbirgð – eftir húsnæðiskostnað – á Íslandi.



Nú er það rétt að fátækir einstaklingar eru helst þeir sem leita að ódyru húsnæði. Gallinn er að það er nándar nærri ekki hægt að byggja mikið af ódyru húsnæði. Ástæðan er einföld:

Jafnvel þótt landverð standi í stað, sem það venjulega gerir ekki, er algengt að sjá að byggingarkostnaður hækki, að raunvirði, yfir langan tíma. Vísitala byggingarkostnaðar hefur hækkað um rúm 7% að raunvirði frá árslokum 2011. Ofan á hækkandi byggingarkostnað kemur hærra landverð, sem hækkar vegna þess að efnahagslegt virði landsins hækkar (því hagkerfið á landinu, t.d. sala á húsnæði eða verslun á því, stækkar).

Hækkandi byggingarkostnaður og hærra landverð gerir það þannig nær ómögulegt að byggja mikið af fasteignum sem eru ódyrari en svipaðar, eldri fasteignir á sama svæði. Til að réttlæta slíka uppbyggingu verður leigan að vera hærri fyrir nýjar íbúðir en hún er fyrir gamlar íbúðir á sama stað, sem er jú venjulega raunin. „Nýtt, ódyrt húsnæði“ er þannig dæmi um reghvörf.

Lausnin er þó eftir sem áður að byggja meira af fasteignum, því þótt fátækt fólk búi sjaldnast í nýjum íbúðum munu eldri íbúðir losna þegar millitekju- og ríkt fólk flytur inn í þær nýju. Það eru þessar eldri íbúðir, sem eru eftir sem áður í góðu lagi, sem fátækir einstaklingar geta leigt og keypt þegar nýjar íbúðir koma á markað. Minni samkeppni um íbúðir, því það er til meira af þeim, dregur úr leigu- og fasteignaverðshækkunum sem aftur kemur þeim sem eyða hlutfallslega mestu af sínum tekjum í húsnæðiskostnað best.

Þess vegna, þótt afar erfitt sé að byggja „ódyrt húsnæði“, eigum við ekki að hika við að byggja meira af íbúðum. Því fleiri sem byggðar eru, sérstaklega fyrir millitekjufólk sem er stærsti þjóðfélagshópurinn á Íslandi, því betra. Spurningin er: Hvernig gerum við það?

## Stærri leigumarkaður hjálpar flestum

Nokkrar leiðir eru til þess að halda byggingarkostnaði á íbúðum niðri. Ein sú helsta er stærðarhagkvæmni: Ef þú getur notað sömu lóðina til þess að byggja fjölbýlishús með 5 íbúðum í staðinn fyrir lítið einbýlishús er ljóst að heildarbyggingarkostnaður á hverja íbúð lækkar. Stærðarhagkvæmni kemst fljótt til skila þegar fjölbýlishús eru byggð en gallinn er að mun meira fjármagn þarf til þess að byggja viðkomandi fasteign, því það

“

Evrópskir lífeyrissjóðir hafa þannig margir byggt upp safn tugþúsunda íbúða sem þeir leigja út á frjálsum leigumarkaði. Stóraukið magn af íbúðum til leigu, jafnvel þótt þessar íbúðir séu ekki sérstaklega leigðar til hinna fátækustu, heldur leigu- og fasteignaverði niðri sem aftur hjálpar þeim helst sem eru með lægstu tekjurnar í viðkomandi samfélagi.

eru jú fimm íbúðir í henni. Það þýðir að eingöngu fjársterkir aðilar eða aðilar með mikið aðgengi að lánsfé geta byggt fjölbýliseign.

Lífeyrissjóðir eru dæmi um slíka fjársterka aðila. Margir lífeyrissjóðir í Evrópu og Bandaríkjunum hafa áttað sig á þessu og hafa margir þeirra fjárfest í íbúðum í marga áratugi. Þeir hafa oft þann háttinn á að gera samning við byggingarverktaka um fyrirfram ákveðið verð á fjölbýlishúsi sem þeir kaupa í heilu lagi af byggingarverktakanum. Ástæðan er að þeir fá magnafslátt á hverja íbúð kaupir þeir fjölbýlishúsið í heilu lagi. Byggingarverktakinn hagnast eftir sem áður því með slíkri, öruggri sölu heldur hann fjármagns- og byggingarkostnaði niðri.

Evrópskir lífeyrissjóðir hafa þannig margir byggt upp safn tugþúsunda íbúða sem þeir leigja út á frjálsum leigumarkaði. Stóraukið magn af íbúðum til leigu, jafnvel þótt þessar íbúðir séu ekki sérstaklega leigðar til hinna fátækustu, heldur leigu- og fasteignaverði niðri sem aftur hjálpar þeim helst sem eru með lægstu



tekjurnar í viðkomandi samfélagi. Minni þrýstingur verður í kjölfarið á launakröfur því laun þurfa nú að hækka um færri prósentur á ári til þess að skila sömu raunlaunahækkuninni að teknu tilliti til húsnæðiskostnaðar. Verðbólguþrýstingur lækkar einnig, sem aftur leiðir til lægra vaxtastigs.

Stór leigumarkaður, þar sem stórir fjárfestar byggja íbúðir til þess að leigja þær út, hjálpar þannig flestum, sérstaklega þeim fátækustu. Fjárfestarnir sjálfir, þ.e. lífeyrissjóðir og sjóðfélagar þeirra, hagnast að sama skapi líka því fasteignir skila öruggum leigutekjum og ávöxtun. Áhættuleiðrétt ávöxtun sjóðfélaga lífeyrissjóðanna batnar.

## Ferskur Blær á leigumarkaði

Það var mikið framfaraskref fyrir heilbrigðan og þjóðhagslega hagkvæman leigu- og fasteignamarkað þegar Blær íbúðafélag

þær út. Skattalegt hagræði slíkra fjárfestinga mætti auka, t.d. með fasteignafjárfestingarsjóðum (e. real estate investment trusts, REIT) sem þekkist í mörgum löndum: Þannig fást fleiri fjárfestar til þess að byggja til að leigja. Margur lífeyrissjóðurinn, sem nú þegar borgar engan fjármagnstekjuskatt, ætti einnig að hugsa sér gott til glóðarinnar í þessu samhengi: Leiguíbúðir veita langtíma-fjárfestum góða ávöxtun að teknu tilliti til áhættu.

Aðdráttarafi leiguíbúða sem fjárfestingarkosts ætti einnig að aukast eftir því sem reynsla eykst innan Bjargs, Blæs og þeirra byggingarverktaka sem byggja íbúðir fyrir þessi félög, varðandi skipulag, fjármögnun og byggingu fjölbýlishúsa sem seld eru í heilu lagi til eigenda þeirra. Huga verður að mörgu í slíku samhengi, s.s. tímamörkum á byggingu fjölbýlishúsanna, gæðum þeirra, innréttingum o.fl. Aukin reynsla við umsjón slíkra fjölbýlishúsa er einnig mikilvæg til þess að ná þeirri stærðarhagvæmni við rekstur og viðhald leiguíbúða sem eðlilegt þykir á meginlandi Evrópu.

## Við þurfum stærri og heilbrigðari leigumarkað

Margur sem les þessar línur mun vafalaust halda þetta óheillaskref: Hagnaðardrífir fjárfestar eiga ekki heima á nauðpurftarmarkaði á borð við húsnæðismarkað.

Nauðpurftir á borð við húsnæði þarf að framleiða og til þess þurfum við fjármagn. Gæði og verð nauðpurfta á borð við húsnæði haldast helst ásættanleg með því að auka samkeppnina við að framleiða þau og framleiða meira af þeim. Við þekkjum þetta frá t.d. matvöru-, flugsamgöngu- eða samskiptamarkaði: Það dettur engum í hug núna að einokun á bjórframleiðslu eða flugsamgöngum sé rétta leiðin til þess að framleiða góðan, ódýran bjór eða tryggja öruggar, ódýrar samgöngur landa á milli.

Á meðan þessir markaðir kenna okkur að máttur samkeppninnar er mikill sýna þeir okkur einnig að markaðir þurfa skýrar reglur. Í Sviss eru t.d. takmarkanir á hversu mikið leiguverð getur hækkað milli ára; það er ekki þak á leigunni en það er bremsa á hversu hratt hún getur hækkað eftir að leigjandinn er fluttur inn í íbúðina. Þetta veitir leigjendum öryggi, sem eykur eftirspurn þeirra eftir (langtíma)leiguíbúðum. Á sama tíma, því leigusalar geta t.d. hækkað leiguna í samræmi við verðbólgu til langs tíma og þegar þeir endurnýja íbúðir, myndast hagnaðarhvatir fyrir fjárfesta til að taka þátt á leigumarkaði til langs tíma.

Úr verður stærri leigumarkaður þar sem margir kaupendur (leigjendur) og seljendur (leigusalar) eru virkir til langs tíma í senn. Samkeppni verður mikil, framleiðsla á húsnæði verður mikil, stærðarhagkvæmni er nýtt til hins ýtrasta, leiguverð helst lágt – og þau sem minnst mega sín geta notið öruggs húskaskjól til jafns við þau sem meira eiga. ■

*Höfundur er doktor í hagfræði.*




*Verkalýðsforystan skoðar uppbyggingu Bjargs íbúðafélags í Vogunum í Reykjavík á síðasta ári.*

var stofnað. Blær er næsta þrep fyrir ofan Bjarg þegar kemur að hagnaðarsjónarmiðum á leigumarkaði: Á meðan Bjarg er rekið án hagnaðarsjónarmiða er ætlunin með Blæ að reka það sem lághagnaðarfélag.

Þannig nær Blær til fleiri fjárfesta og meira fjármagns en Bjarg gerir. Það eykur skotkraft Blæs sem, ef vel tekst til, getur byggt enn fleiri íbúðir með stærðarhagkvæmninni að vopni, sem heldur byggingarkostnaði niðri. Lægri byggingarkostnaður lækkar þrýstinginn á nauðsynlegt leiguverð til þess að fjárfestingin skili hagnaði. Það leiðir aftur til þess að þessar íbúðir verða mjög samkeppnishæfar á leigumarkaði, sem skila ætti ásættanlegum hagnaði fyrir margan fjárfestinn í Blæ því tekjutap vegna tómrar íbúða verður í lágmarki. Íbúðir í eigu Blæs verða leigðar út án skilyrða um (hámarks)tekjur, ólíkt íbúðum Bjargs.

Næsta framfaraskref á leigumarkaði verður að auka enn frekar þátttöku fjárfesta á honum sem byggja íbúðir til þess að leigja



Norðurlöndin eru á móti löggjöf Evrópusambandsins um lögbundin lágmarkslaun.

# Hafna löggjöf ESB um lö

Texti og ljósmyndir eftir Axel Jón Ellenarson

Ráðstefna NSO (The Nordic Council of Civil Servant Unions) var í Halden í Noregi í lok ágúst sl. Á ráðstefnunni hittust formenn og starfsfólk stéttarfélaganna á Norðurlöndunum; Íslandi, Svíþjóð, Noregi, Finnlandi og Færeyjum og ræddu kjaramála, öryggismál vegna innrásar Rússlands í Úkraínu, um framtíðarvinnuþinga og velferð opinberra starfsmanna. Níu manna hópur úr stjórn Sameykis ásamt starfsmönnum sótti ráðstefnuna sem stóð yfir í þrjú daga.

Kristin Alsos, rannsóknarstjóri FAFO, sem er sjálfstæð norsk félagsvísindarannsóknarstofnun sem sérhæfir sig í vinnuarkaðsmálum og kjarasamningum, fjallaði um tilskipun ESB um lögbundin lágmarkslaun og hvers vegna Norðurlöndin eru á móti löggjöfni.

## Á móti löggjöf um lágmarkslaun

„Ástæða þess að Norðurlöndin hafa ekki áhuga á að lögfesta tilskipun ESB um lágmarkslaun er sú að á Norðurlöndunum er samband milli vinnuveitenda og launafólks í gegnum aðild að stéttarfélögum og kjarasamningum sem þau gera. Fyrst er samið um kaup og kjör á almennum vinnuþinga sem svo opinber vinnuþingurinn leggur út frá í sínum kjarasamningum. Vegna þessa m.a. þykir Norðurlöndunum þetta hvorki nauðsynleg né

eftirsóknarverð löggjöf. Þá eru lágmarkslaun í löndum innan ESB mun lægri en á Norðurlöndunum, m.a. í löndum fyrrum Sovétríkjanna við Eystrasalt og sunnar í álfunni. Það er allt að 60 prósent munur á lágmarkslaunum á Norðurlöndunum og öðrum löndum innan Evrópusambandsins og mörg lönd sem ná ekki þeim lágmarkslaunum innan ESB en þessi löggjöf mun eflaust koma þeim vel og því ættu öll lönd þar sem lágmarkslaun ná ekki tilskipun Evrópusambandsins að staðfesta þessa löggjöf. Auk þess var gagnrýnt að slíkar innleiðingar gætu eyðilagt vinnuarkaðinn og samband vinnuveitenda og launafólks. Einnig eru tryggð lágmarkslaun með kjarasamningum stéttarfélaganna en tilskipanir ESB um lágmarkslaun myndu veikja stéttarfélagsvitund og baráttu launafólks fyrir betri kjörum,“ sagði Kristin Alsos.

## Framlegðin kemur á óvart hjá þeim sem starfa heima

Mari Holm Ingelsrud, yfirannsakandi við miðstöð velferðar- og vinnurannsóknna við Háskólann í Osló, fjallaði í erindi sínu um rannsóknir síns teymis um framtíðarvinnuþinga:

„18 prósent fólks störfuðu almennt heima hjá sér fyrir COVID-19 faraldurinn, en meðan á honum stóð fjölgaði þeim upp í 60 prósent. Eftir að faraldurinn lauk fór hlutfallið í 50 prósent sem störfuðu heima allan daginn hluta vinnuvikunnar. Í rannsókninni kemur fram að 72 prósent launafólks vilja starfa heima allan daginn hluta vinnuvikunnar og við höldum að þetta sé komið til að



▶ Efst t.v.: Formenn norrænu stéttarfélaganna í opinberri þjónustu í pallborðsumræðu. Efst t.h.: Kristin Alsos, rannsóknarstjóri FAFO, fjallar um tilskipun ESB um lögbundin lágmarkslaun. Ráðstefnugestir sýna Úkraínu stuðning sinn á fundinum. T.v.: Ferðalangar frá Sameyki nærja sig í Noregi.

# gbundin lágmarkslaun

vera, en samt ekki í eins miklum mæli og meðan á farsóttinni stóð. Þá vill fólk hafa vinnustað sem það getur farið til og greinilegt er að margar stéttir vilja geta ráðið sjálfar hvernig þær sinna vinnunni með tilliti til viðveru á vinnustaðnum. Stofnunin hefur komist að því að fólk sem starfar heima metur vinnuframlagið sitt minna en ef það væri á vinnustaðnum. Þetta kemur á óvart því framlegðin fellur ekki þegar fólk starfar heima hjá sér eins og það heldur fram eða fær á tilfinninguna. Reynsla vinnuveitenda í Noregi er sú að framleiðni þeirra sem störfuðu heima jókst í farsóttinni," sagði Mari Holm.

## Heimavinna getur haft slæmar félagslegar afleiðingar

Heimavinna getur haft slæm áhrif félagslega því nálægð við vinnustaðinn er minni, náðin við starfsfélaga er ekki til staðar og lengri boðleiðir eru á milli stjórndenda og starfsfólksins.

„Fólk er óöruggt hvenær það á að vinna á heimaskrifstofunni en þróunin hefur verið sú á opinbera vinnumarkaðnum að 30 prósent eru með samninga sem kveða á um aðskilnað vinnu og einkalífs. Það er bæði jákvætt og skilvirkt að vera með heimaskrifstofu og hjá þeim sem eru með slíka aðstöðu er framleiðnin meiri eins og áður kom fram. Þetta fyrirkomulag skapar þó líka ójöfnuð sem verkalýðsfélög verða að takast á við því sum störf krefjast þess af fólk að það sé alltaf á vinnustaðnum og það þarf að leysa úr því með einhverjum hætti," sagði Mari Holm.

## Rússar bjóða fría opinbera þjónustu og vodka

Oksana Huz Blanc og Ivanna Khrapko, ungir fulltrúar stéttarféлага opinberra starfsmanna í Úkraínu, ræddu ástandið í sínu stríðs-hrjáða landi og þau áhrif sem árásir Rússa hafa haft á innviði þess. Þá sögðu þær frá hvernig sjálfbóðastarf ungs fólks í verkalýðs-hreyfingunni fer fram í Úkraínu. Oksana skýrði frá því að Rússar segðu við fólk sem starfar á herteknum svæðum í Kherson „að þau séu nú hluti af Rússneska sambandinu og séu nú félagar í rússneskum verkalýðsfélögum. Ótti við ógnir Rússa heldur því föngnu og óvissan hjá fólkinu er auðvitað mikil líka.“

„Rússar bjóða fólk hærri laun en það hafði áður, bjóða fría opinbera þjónustu, leikskóla o.þ.h. og meira að segja bjóða fólk frítt vodka. Aðferðin er augljóslega gerð til að veikja mótstöðuna og gera fólk móttækilegt fyrir áróðri þeirra að yfirtaka bæði fólk og landið. Hermenn Rússa hafa t.d. farið með starfsfólk, líka almenn- ing, í kjarnorkuverið í Zaporizhzhia og þvingað það þar til að halda því fram opinberlega að það sé dásamlegt að vinna fyrir Rússland. Þá nota þeir kjarnorkuverið sem vopn í stríðinu og ógna þannig Úkraínu og Evrópu og herir Úkraínu eiga þess vegna erfitt með að verjast. Þarna er mjög mikil hætta á ferð. Rússar hafa líka tekið úr sambandi kjarnaofn sem sá Úkraínu fyrir rafmagni. Við vonum að alþjóðasamfélagið grípi í taumana og hjálpi Úkraínu að verja kjarnorkuverið," sagði Oksana Huz að lokum. ■

# Kjaravetur framundan

Eftir Guðmund Frey Sveinsson



Framundan er líklegast langur kjarasamningsvetur þar sem flestir kjarasamningar bæði á opinberum og almennum vinnumarkaði verða lausir. Lífskjarasamningarnir sem aðildarfélag ASÍ gerðu við SA renna út 1. nóvember næstkomandi og sama gildir um kjarasamninga sem Sameyki hefur gert við opinber hlutafélög eins og Isavia, Fríhöfnina og Orkuveitu Reykjavíkur. Opinberu samningarnir renna svo flestir út 31. mars 2023, þ.e. til dæmis samningar Sameykis við ríkið, Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga. Nokkrir kjarasamningar á vegum Sameykis eru þó með gildistíma fram á haust 2023, t.d. samningar við Faxaflóahafnir, Félagsbústaði og Strætó bs.

## Línurnar lagðar út

Umræða um kjaramál er þegar farin að taka meira pláss á síðum fjölmiðla og margir hafa eflaust orðið varir við fréttir frá Eflingu sem hefur tekið ýmsar þjóðhagslegar breytur inn í myndina og lagt við útfærslur Lífskjarasamningsins sem myndi þá þýða krónutöluhækkanir upp á 52.250 kr. flatar á launataxta (sjá 10. tbl. af Kjararéttum Eflingar). Nú er þetta innlegg Eflingar í umræðuna en ekki hluti af kröfugerð félagsins enda hefur hún ekki komið út enn sem komið er. VR hefur hins vegar gefið út sína kröfugerð og þar koma launakröfur ekki fram í krónutölum eða prósentum heldur eru þær m.a. orðaðar með þeim hætti: „Aukinn kaupmáttur ráðstöfunartekna liggur til grundvallar launakröfum VR og LÍV og að launafólk geti lifað mannsæmandi lífi á dagvinnulaunum“ (Kröfugerð VR og LÍV gagnvart SA 2022).

## Krónutöluhækkanir og prósentur

Í síðustu kjarasamningum var samið um krónutöluhækkanir fyrir þá starfsmenn sem eru á föstum töxtum, sbr. opinbera starfsmenn. Heildartala hækkananna á tímabilinu nam 90.000 kr. og komu á grunnlaun á eftirfarandi tímum:

### Heildartala hækkananna

1. apríl 2019	17.000 kr.
1. apríl 2020	24.000 kr.
1. janúar 2021	24.000 kr.
1. janúar 2022	25.000 kr.
<b>Samtals</b>	<b>90.000 kr.</b>

Það sem hefur gerst í kjölfarið er að hentugleikaframsetning hefur verið notuð til að rökstyðja málflytning um að opinberir starfsmenn leiði launaþróun í landinu með því að vísa í prósentur, þ.e. að starfsmenn Reykjavíkurborgar og annarra sveitarfélaga hafi hækkað um allt að 30 prósent á tímabilinu meðan almenni markaðurinn hafi aðeins hækkað um rétt rúm 20 prósent.

Sannleikurinn er hins vegar sá að krónutölur sem leggjast á lágur upphæðir vegna þungt í prósentureikningum en gefa engu

fleiri krónur í vasann. Sannleikurinn er einnig sá að viðkomandi starfsmenn mælast enn með lægstu launin á vinnumarkaðnum eða á bilinu 619–627 þúsund krónur á mánuði í reglubundin laun til samanburðar við 689 þúsund á almenna markaðnum samkvæmt Kjaratölfræðinefnd í júní 2022.

## Launamunur á milli markaða

Það er mikilvægt að nefna þennan launamun því árið 2016 gerðu stjórnvöld og heildarsamtök launafólks með sér samkomulag um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna sem miðaði að því að samræma lífeyrskerfi fyrir alla landsmenn. Samræma átti lífeyrisréttindi á almennum og opinberum vinnumarkaði, aldurstenging réttinda átti að verða grundvallarregla kerfisins og lífeyristökualdur átti að hækka (úr 65 í 67 ára) til að stuðla að sjálfbærni. Um leið skuldbundu stjórnvöld sig til að jafna launakjör opinberra starfsmanna við almenna vinnumarkaðinn með markvissum aðgerðum á næstu 6–10 árum. Núna í haust eru einmitt liðin 6 ár frá samkomulaginu og það er skemmst frá því að segja að fram að þessu hafa ekki komið neinar skilgreindar krónur í vasa opinberra starfsmanna vegna þessa og ekkert í hendi um efndir stjórnvalda í þeim efnum. Það er því ekki hægt að útiloka að sverfa verði til stáls í vetur vegna þeirrar óþolandi stöðu sem málefni jöfnunar á milli markaða situr í.

## Það þarf að horfa bæði afturábak og áfram

Í aðdraganda síðustu kjarasamninga var mikill einhugur meðal stéttarfélag BSRB í baráttunni fyrir styttingu vinnuvikunnar sem hafði ekki breyst frá því 1971 þegar hún var lögfest í 40 klst. á viku. Eftir að baráttan hafði staðið nánast í heilt ár fram yfir gildistíma fyrri kjarasamninga tókst að semja um að dagvinnustaðir gætu tekið upp 36 klst. vinnuviku með sérstöku vinnustaðasamkomulagi og umfangsmiklar kerfisbreytingar urðu í vaktavinnu þar sem vinnuvikan varð 32–36 klst. eftir vaktabyrði.

Það er augljóst að þau vandkvæði sem komu fram í innleiðingu styttingarinnar, hvort heldur sem er í dagvinnu eða vaktavinnu, kalla á frekari vinnu og baráttu þeim tengdum í vetur. Til að mynda verða starfsmenn að geta treyst því að þeir komist í hefðbundin neyslulhlé og geti sinnt brýnum persónulegum erindum s.s. heilbrigðisþjónustu á vinnutíma þó svo að styttingin hafi gengið í garð en félagsmenn okkar hafa á tíðum kvartað undan harðræði hvað þessa þætti varðar.

Þá hafa nýjar áskoranir og stöður birst í kjaramálum frá síðustu kjarasamningum, en covid kenndi landsmönnum t.d. að heimavinna getur í mörgum störfum verið ákjósanlegur kostur – bæði fyrir starfsmenn og vinnustaði. Um heimavinnu er hins vegar hvergi fjallað í kjarasamningum og spennandi að sjá hvort samningsaðilar geti náð saman um réttindi og skyldur í slíku starfsumhverfi. Þó ýmis réttindamál vegi þungt í kjara- og réttindabaráttu starfsmanna er ljóst að kaupmátturinn er yfirleitt efstur á blaði. Í þeirri verðbólgu sem nú ríkir þurfa allir að leggjast á eitt að tryggja sem mesta



Sannleikurinn er hins vegar sá að krónutölur sem leggjast á lágur upphæðir vega þungt í prósentureikningum en gefa í engu fleiri krónur í vasann. Sannleikurinn er einnig sá að viðkomandi starfsmenn mælast enn með lægstu launin á vinnumarkaðnum eða á bilinu 619-627 þúsund krónur á mánuði í reglubundin laun til samanburðar við 689 þúsund á almenna markaðnum samkvæmt Kjaratölfræðinefnd í júní 2022.

### Kjarasamningar lausir á eftirfarandi tíma

#### 1. nóvember 2022

Fríhöfnin

Isavia

Orkuveita Reykjavíkur

Rarik

#### 31. desember 2022

Ríkisútvarpið

#### 31. mars 2022

Ás styrktarfélag

Klettabær

Reykjavíkurborg

Ríkið

Samband íslenskra sveitarfélaga v/Inneimtustofnunar sveitarfélaga

Samband íslenskra sveitarfélaga v/Seltarnarnesbæjar og Akraneskaupstaðar og Höfða

Samband íslenskra sveitarfélaga v/Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins

Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV)

Skálatún

Vinakot

#### 30. september 2023

Faxaflóahafnir

Félagsbústaðir

Strætó bs.

velferð í samfélaginu. Þar er ábyrgðinni oft skellt á launafólk sem situr undir áróðri um að launahækkunar geri ekki annað en að kynda undir verðbólguþálinu. Seðlabankinn hefur þar á meðal verið duglegur að vísa til ábyrgra kjarasamninga og um leið keyrt vexti áfram sem bitnar hvað mest á þeim sem minnst hafa. Á þessu eru hins vegar aðrar hliðar sem mætti heyrast meira um en það er ábyrgð þeirra sem selja vörur og þjónustu í landinu. Það hefur nefnilega hingað til ekki staðið á verðhækkunum þegar samfélagið má minnst við þeim og því er ánægjulegt að sjá nokkur fyrirtæki stíga fram í haust og lofa föstu verðlagi á vörum sínum a.m.k. fram að áramótum. Einnig er alveg ljóst að í landinu eru mikil verðmæti og enginn peningaskortur á mörgum stöðum. Viðfangsefnið í kjarasamningum er nefnilega ekki aðeins að tryggja kaupmátt heldur líka réttláta skiptingu í landinu. Það er nefnilega nóg til.

### Baráttan skipulögð og kröfur settar fram

Í lok september mun Sameyki kalla til fulltrúaráð sitt, sem samanstendur af hátt í 200 félagsmönnum sem hafa verið kosnir sem trúnaðarmenn á sínum vinnustöðum, til að fjalla um stöðuna í kjaramálum og móta komandi kjarabaráttu. Í vinnunni verða lagðar meginlínur um þær sameiginlegu kröfur sem félagið mun leggja á borð viðsejenda sinna á næstu mánuðum en gagnvart hverjum og einum samningsaðila eru svo skipaðar sérstakar samninganefndir sem gera fastmótaðar kröfur til viðkomandi starfsumhverfis. Þannig byggir Sameyki upp samstöðu og einingu um stóru línurnar í kröfugerðunum en um leið aðlagar hver samninganefnd sig að viðkomandi vinnuveitanda eftir því sem við á hverju sinni.

Það er ljóst að ofansögðu að það er mikið framundan í kjaramálum félagsins enda margir samningar lausir á næstunni. Félagið er þessa dagana að senda samningsaðilum viðræðuáætlanir en markmið allra kjarasamninga er að einn samningur taki við af öðrum þegar samningstímabili lýkur. Sagan hefur hins vegar kennt okkur að það er ekki á vísan að róa með viðbrögð vinnuveitanda og ómögulegt að spá fyrir um framhaldið. Ef í hart fer skiptir samstaða launafólks öllu máli og með einhug og staðfestu munum við ná okkar markmiðum. ■

*Höfundur er deildarstjóri kjaradeildar Sameykis.*

### Morgun- og hádegisverðarfundir eru haldnir um allt land í september og október 2022.

Efni fundanna er kjarasamningarnir framundan, staðan í samfélaginu og reynslan af síðustu samningum. Á fundunum gefst tækifæri til að ræða saman og koma á framfæri skoðunum um kjaramál og hvað Sameyki á að leggja áherslu á við gerð næstu kjarasamninga. Á fundunum er því kærkomið tækifæri til þess að koma á nánari tengslum. Á hverjum fundi eru hámark 30 þátttakendur, blanda af félagsfólki, fulltrúum úr stjórn Sameykis og starfsfólki félagsins. Skráning á fundina er á vef Sameykis, sameyki.is



Drottningartorg þar sem NTR-ráðstefnan var haldin í Gautaborg.

# Nauðsynlegt að Norðu

Texti og ljósmyndir eftir Axel Jón Ellenarson



Í júní var haldin NTR-ráðstefna í Gautaborg þar sem saman voru komin stéttarfélag opinberra starfsmanna sveitarfélaga á Norðurlöndunum; Íslandi, Færeyjum, Noregi, Danmörku og Svíþjóð. Umræðuefnið á ráðstefnunni var framtíðarvinnumarkaðurinn. Fjallað var um samþættan vinnumarkað (n. hybrid arbeidsmarked).

## Norrænt samstarf mikilvægt

Knut Roger Andersen framkvæmdastjóri Vision stéttarfélags benti á að norrænt samstarf stéttarfélaganna væri mikilvægt því Norðurlöndin hefðu álíka samfélagsgerð og vilji landanna væri að standa vörð um og bæta velferðarsamfélagið. Sagði hann að í COVID-19 faraldrinum hefðu 470 þúsund opinberir starfsmenn á Norðurlöndunum haldið innviðum landanna gangandi. Þeir þjónuðu milljónum manna meðan á faraldrinum stóð. Þá sagði hann að Norðurlöndin samanlagt væru fimmta stærsta hagkerfi heimsins. Þá væri hafsvæði Norðurlandanna það þriðja stærsta í heimi. Norrænt samstarf væri því mjög mikilvægt í heildarmyndinni.

## Óvissutímar

Knut Roger sagði að Norðurlöndin og veröldin öll stæðu nú frammi fyrir loftlagsvá og stríði hinum megin við bæjarlækinn. Nú væri líka stærsti flóttamannavandi síðan 2015 vegna innrásar Rússlands í Úkraínu.

“

Í framtíðinni verða vinnustaðirnir að taka þessum áskorunum um breyttan vinnumarkað og atvinnurekendur verða þess vegna að efla starfsfólk, hæfni þess og sveigjanleika.

„Við sem störfum í stéttarfélagum þurfum að láta okkur þetta varða, það skiptir miklu máli að almenningur viti að öll stéttarfélagin innan NTR standa saman gegn innrás Rússlands í Úkraínu. Vegna innrásarinnar er norrænt samstarf áriðandi og sendir framkvæmdastjóri Nato, Jens Stoltenberg, fundargestum sínar bestu kveðjur með þeim orðum að samstarf Norðurlandanna sé mjög mikilvægt í heimsmyndinni. Stöndum saman, stöndum vörð og sköpum okkur þá velferð sem einkennt hefur Norðurlöndin,“ sagði Knut Roger.



Efst t.v. kynnir Arna Jakobína Þórðardóttir næstu ráðstefnu NTR sem haldin verður í Reykjavík á næsta ári.

Efst t.h. hlýða ráðstefnugestir á erindi.

T.v. sitja formenn stéttarfélaganna í pallborðsumræðum. T.h. ræða ferðalangar um leiðina heim á lestarstöðinni í Gautaborg.

# rlöndin standi saman

## Sveigjanlegri vinnumarkaður

Á ráðstefnunni var rætt um stafrænt vinnuumhverfi og hversu hratt það þurfti að þróast vegna heimsfaraldursins og hvað vinnustaðir þurftu að aðlagast þessum breytingum snögglega. Stafrænt fundakerfi ruddist inn á vinnumarkaðinn og er það sennilega komið til að vera. Sveitarfélögin skorti innviði til að mæta þessum breytingum og til að bregðast við breyttum vinnuaðferðum. Þá hefur faraldurinn hefur kennt vinnumarkaðnum líka að krafist er ákveðinnar endurmenntunar sem stjórnvöld verða að taka þátt í. Í framtíðinni verða vinnustaðirnir að taka þessum áskorunum um breyttan vinnumarkað og atvinnurekendur verða þess vegna að efla starfsfólk, hæfni þess og sveigjanleika. Sjá má að fólk hefur orðið skilvirkara með því að vinna fjarvinnu og kom það á óvart. Einnig komu samfélagsmiðlar sterkt inn til að miðla málum, þjónustu og þátttöku við félagsfólk stéttarfélaganna.

Faraldurinn sýndi þó einnig fram á sveigjanleika vinnumarkaðarins þegar þess er krafist. Að eiga kost á að vinna heima er líka verkfæri til nýliðunar á vinnumarkaðnum. Mikilvægt er að líta eftir því hvernig notað er hugtakið – að vinna heima. Í því sambandi er ekki talað um heimavinnudaga, heldur er talað um mætingardaga yfir þá daga sem starfsfólk er á vinnustaðnum. Þetta hefur því snúist við. Þessar breytingar eru áskoranir en hvað þetta þýðir fyrir vinnustaðina og vinnumarkaðinn í heild sinni á eftir að koma betur í ljós í framtíðinni. Tilraunir með tví-

þætta eða samþætta vinnu á Norðurlöndunum; heimavinnu og vinnu á vinnustaðnum, hafa víðast hvar gengið ágætlega.

## Kostir og gallar samþætts vinnumarkaðar

Að vinna heima hefur fært starfsfólki meira frelsi hvernig það hagar sínum vinnutíma, og einnig er ánægja með að fjölskyldulífi virðist eflast. Samkvæmt rannsóknum sem stéttarfélagin gerðu kom í ljós að andleg líðan og heilsa versnaði ekki með tvíþættum vinnuaðferðum eins og talið var vegna faraldursins.

Hins vegar er sá galli við samþætthan vinnumarkað að flæði í störfum breytist þegar ekki er starfsfólk á vinnustaðnum og eins rofna tengsl á milli starfsfólks og hætta er á að vinnustaðurinn breytist og verði tómlegur. Þá er norrænn vinnumarkaður best til þess fallinn að vera samþættur vegna líkinda vinnumarkaðarins á milli landanna og styðja þarf við starfsfólk sem vill vinna heima.

Annað sem vinnumarkaðurinn stendur frammi fyrir er hvernig haldið er á félagslegum auði í sambandi við fjarvinnu. Samspil og mótun fjarvinnu, framleiðni og vellíðan er rannsóknarefni fyrir framtíðarvinnumarkaðinn en komið hefur í ljós að margt starfsfólk vill vinna þrjú daga á vinnustaðnum og tvo daga heima á norrænum vinnumarkaði.

Næsta ráðstefna NTR verður haldin 26.–28. júní á næsta ári í Reykjavík. ■

# Afleiðingar streitu á heil

Eftir Ingibjörgu Jónsdóttur



Undanfarin misseri hefur umræða um afleiðingar streitu á heilsu fólks á vinnumarkaði aukist. Sú umræða er þó oft einfölduð þar sem um flókið fyrirbæri er að ræða. Rannsóknir síðustu ára hafa sýnt fram á að langvarandi streituálag getur aukið líkurnar á bæði líkamlegum og andlegum heilsufarsvandamálum. Til dæmis er vitað að langvarandi streituálag er einn af mörgum þáttum sem geta aukið líkur á hjartaáfalli en það er mikilvægt að benda á að mismunandi áhættuþættir ásamt líffræðilegum og erfðafræðilegum þáttum eru alltaf samofnir. Heilsueflandi þættir eru líka margir og því mjög einstaklingsbundið hvaða áhrif langvarandi streituálag hefur á mismunandi einstaklinga. Flestir einstaklingar þróa ekki með sér heilsufarsvandamál þó álag sé mikið, fyrst og fremst vegna þess að líkaminn fær oftast nægjanlega hvíld á milli álagspunkta.

Andleg heilsufarsvandamál sem afleiðing langvarandi streituálags eru oft tengd einkennum kvíða og þunglyndis. Sálræn þreyta er einnig þekkt sem ein helsta afleiðing langvarandi streitu og í þessu samhengi er hugtakið kulnun (e. burnout), eða sjúkleg streita oft notað. Skilningur á hugtakinu kulnun hefur breyst nokkuð frá því að rannsóknir á kulnun hófust

“

**Konur eru að öllu jöfnu undir meira álagi, fyrst og fremst af því að fleiri konur vinna á vinnustöðum þar sem andlegt vinnuálag er mikið, eins og á heilbrigðisstofnunum, skólum eða í öldrunarþjónustu.**

fyrir um það bil 50 árum og hugtakið túlkast á mismunandi hátt. Sumir tengja orðið kulnun við aðstæður einstaklinga á vinnustað þar sem er mikið andlegt streituálag, meðan kulnun er einnig notuð til þess að lýsa sjúkdómseinkennum. Í sumum löndum er hugtakið „klínísk kulnun“ (e. clinical burnout) notuð á meðan í öðrum löndum eins og Svíþjóð eru hugtökin „utmattningssyndrom (UMS)“ eða „exhaustion disorder“ notuð.

## Hvaða einstaklingar geta lent í klínískri kulnun og af hverju?

Flestir einstaklingar sem upplifa mikla streitu þurfa ekki að leita hjálpar hjá fagaðilum. Vægari streitutengd einkenni svo sem magatruflanir, svefntruflanir, pirringur, höfuðverkur og áhyggjur eru merki um að huga þurfi að álagspunktum og að nægjanleg hvíld sé tryggð. Þegar um klíníska kulnun er að ræða eru þreytu-



Frekar ætti að huga að því að koma í veg fyrir meginvandann, nefnilega sjálft álagið sem

einkenni alvarlegri og í þessum tilvikum er nauðsynlegt að leita til fagaðila. Verulegar svefntruflanir, kvíða- og þunglyndiseinkenni og áhrif á heilastarfsemi hvað varðar gleymsku og einbeitingartruflanir eru algeng einkenni og bati getur tekið tíma.

Rannsóknir síðustu ára hafa sýnt fram á að margir einstaklingar sem greindir eru með klíníska kulnun/sjúklega streitu eru í raun að glíma við annað eins og til dæmis geðhvörf, áfallastreituröskun, þunglyndi eða athyglisbrest. Oftar en ekki koma einkenni þessara greininga fram þegar um mikið álag er að ræða, bæði á vinnustað og í einkalífinu. Það er mikilvægt að fólk fái rétta greiningu og að kulnunargreining sé ekki notuð ef um aðrar greiningar er að ræða. Ferlið hvað varðar kulnun er mjög einstaklingsbundið og margt bendir til að huga þurfi að mismunandi þáttum. Samkvæmt nýjustu rannsóknum glíma t.d. margir einstaklingar með kulnun við miklar einstaklingsbundnar kröfur á sjálfa sig, eru svokallaðir fullkomnunarinnar. Aðrir bera með sér atferli frá uppeldinu sem tengist að taka allt inn á sig og biðja aldrei um hjálp. Sumir einstaklingar eru að glíma við aðstæður heima fyrir sem þarf að huga að til að koma í veg fyrir of mikið álag.



# su fólks á vinnumarkaði

## Vinnuáæstæður og jafnréttismál

Flestir einstaklingar sem glíma við kulnun lýsa álagi tengdu bæði vinnustað og heimilisaðstæðum sem vefst saman við aðra þætti eins og t.d. persónuleika og fyrri lífsreynslu. Það er ekki alltaf hægt að aðskilja mismunandi þætti í lífi fólks og sjaldan hægt að einblína á einn þátt sem orsök kulnunar. Algengara er að konur lenda í kulnun en rannsóknir hafa ekki getað sýnt fram á að þetta



tengist starfsskipulagi, stjórnun og samskiptum.

sé skýrt út frá kyni, þ.e.a.s. líffræðilegum mun kynjanna. Konur eru að öllu jöfnu undir meira álagi, fyrst og fremst af því að fleiri konur vinna á vinnustöðum þar sem andlegt vinnuálag er mikið, eins og á heilbrigðisstofnunum, skólum eða í öldrunarþjónustu. Einstaklingur sem er að glíma við mikið álag bæði á vinnustað og heima fyrir er líklegri til þess að þróa með sér kulnunareinkenni og meiri líkur eru á að konur frekar en karlar séu í þeirri aðstöðu. Rannsóknir sýna fram á að sáralitill munur er á körlum og konum hvað varðar einkenni og ferli kulnunar. Eini munurinn er að hlutfallslega fleiri konur lenda í kulnun og meginástæðan er að fleiri konur en karlar eru undir álagi sem getur valdið kulnun.

Miklar breytingar hafa átt sér stað í atvinnuálagum á síðustu áratugum og störf sem áður voru talin vera heilbrigð störf eru núna skilgreind sem álagsstörf. Sérstaklega á þetta við um störf innan heilbrigðiskerfisins en einnig störf innan menntakerfisins og félagsmálageirans. Streituálag á vinnustöðum er flókið fyrirbæri og tengist ekki alltaf sjálfu starfinu, þ.e.a.s. aðhlyningu sjúklinga eða kennslu nemenda. Þær breytingar sem hafa átt sér stað eru meira tengdar aukinni skrifinnsku, tölvuvæð-

“

Þær breytingar sem hafa átt sér stað eru meira tengdar aukinni skrifinnsku, tölvuvæðingu sem er illa aðlöguð að starfsemi, óljósum starfslýsingum, óskýrri stjórnun og lélegum samskiptum.

ingu sem er illa aðlöguð að starfsemi, óljósum starfslýsingum, óskýrri stjórnun og lélegum samskiptum. Sérfræðingar í vinnuvísindum vilja meina að sú þróun sem orðið hefur hvað varðar stjórnun og skipulagningu á opinberum stofnunum þar sem unnið er með fólk samsvari ekki þeim störfum. Vöntun á starfsfólki í þessum geirum flækir stöðuna og því mikilvægt að hugað sé að breytingum hvað varðar stjórnun og starfsskipulag á þessum vinnustöðum.

## Mikilvægi forvarna og eflingar á öllum sviðum

Forvarnir gegn streitu á vinnustöðum miða fyrst og fremst að því að auka getu einstaklinga til að takast á við álag með nálgunum eins og streitustjórnun, núvitund og hreyfingu. Frekar ætti að huga að því að koma í veg fyrir meginvandann, nefnilega sjálft álagið sem tengist starfsskipulagi, stjórnun og samskiptum. Þættir á vinnustað eru líka samofnir öðrum þáttum lífsins þannig að heildarsýn verður alltaf að vera til staðar. Forvarnarstarf á vinnustöðum er mikilvægt en mikilvægasta forvarnar- og eflingarstarfið tengist auknu jafnrétti á milli kynjanna og aukinni meðvitund í samfélaginu um streitu og andlega heilsu fólks. T.d. hefur kvíði meðal ungs fólks breyst frá því sem áður var og er oftar en ekki tengdur tilvistarlegum áhyggjum um framtíðina, samfélagsmáli sem takast verður á við á einhvern hátt. Forvarnir þurfa ekki alltaf að vera flóknar! Rannsóknir sýna að einföld samtöl geta skipt miklu máli. Samtöl á vinnustað um vinnuáæstæður þar sem vinnuhópurinn ræðir umbætur á skipulagi og vinnuáæstæðum, samtöl innan fjölskyldunnar um álag innan heimilisins og jafnrétti og samtöl innan þjóðfélagsins sem stuðla að aukinni meðvitund fólks um streituálag og andlega heilsu. ■

Höfundur er prófessor og forstöðumaður Institutet för Stressmedicin í Gautaborg.



Victor Gunnarsson, formaður Fangavarðafélagsins og fangavörður á Litla-Hrauni, segir að flótti sé brostinn á úr störfum fangavarda vegna álags og undirmönnunar í fangelsum landsins, ásamt úrræðaleyfi stjórnvalda í málefnum fangavarda.

# Fangaverðir á flóttu

Eftir Axel Jón Ellenarson  
Ljósmyndir: Birgir Ísleifur Gunnarsson og skjáskot RÚV

Fangaverðir eru undir stöðugu áreiti í störfum sínum; verða fyrir líkamlegu ofbeldi sem hvoru tveggja hefur áhrif á andlega líðan þeirra og getur mótað skapperð ef ekki er til taks sérfræðiteymi sem sinnir eingöngu líðan starfsfólks sem starfar við löggæslu í fangelsum. Störf fangavarda eru vanmetin, á þeim hvílir mikið álag, þeir verða fyrir hótunum, á þá er ráðist og þurfa þeir oft á tíðum að takast líkamlega á við skjólstæðinga sína þegar sótt er að þeim í daglegum störfum. Hvernig takast fangaverðir á við slíkt áreiti? Fara þeir heim að lokinni erfiðri vakt, jafnvel kvíðnir, og setjast með fjölskyldum sínum eins og ekkert hafi í skorist eða einangra þeir sig með sína líðan?

Í skriflegu svari Eyglóar Rósar Gísladóttur, starfsmannastjóra hjá Fangelsismálastofnun, við fyrirspurn um sérfræðiteymi sem

fylgist með líðan og heilsu fangavarda, kemur fram að í boði sé svokallaður félagastuðningur sem er í höndum fangavarda-anna sjálfra og er það þeirra að vera vakandi yfir hver öðrum og tilkynna um aðstoð. Þá segir Eygló að boðið sé upp á stuðnings-samtöl hjá sálfræðingum eða öðrum sérfræðingum sem hlotið hafa viðeigandi þjálfun. Þá sé viðurkennt að fangaverðir búa við mikið andlegt og tilfinnanlegt áreiti og álag en ekki hvernig það sé viðurkennt, opinberlega eða formlega.

## Undirmönnun í fangelsum landsins

Á vef Fangelsismálastofnunar kemur fram að í þeim fjórum fangelsum sem starfrækt eru á Íslandi starfa 57 fangaverðir í fangelsinu á Litla-Hrauni sem sinna almennri fangavörslu og verkstjórn. Þar eru starfandi níu deildir sem rúma allt að 77 karlfanga. Í fangelsinu á Hólmsheiði starfa 20 fangaverðir, en það er gæsluvarðhalds- og móttökufangelsi með deild fyrir kvenfanga og aðstöðu fyrir afplánun styttri fangelsisrefsinga og vararefsinga, með 56 afplánunarrýmum. Í fangelsinu á Sogni í Ölfusi er 22 afplánunarrými og þar starfa 8 fangaverðir. Fjöldi afplánunarrýma

eru 23 í fangelsinu á Kvíabryggju og þar starfa 6 fangaverðir. Fjöldi afplánunaryma í þessum fjórum fangelsum eru 171 og samantlagður fjöldi fangavara 91, eins og kemur fram á vef Fangelsismálastofnunar.

Victor Gunnarsson, formaður Fangavaraðafélagsins er harðorður í garð stjórnvalda. Hann segir að skortur sé á fangavörðum og úrræði fyrir fangaverði sem eru undir miklu álagi séu af skornum skammti. Auk þess eru laun fangavara ekki í samræmi við ábyrgð og álag.

## Álag á fangaverði veldur brottvarfi

Victor starfar við fangavörslu á Litla-Hrauni og segir hann að ekki hafi verið neitt sjálfvirk kerfi við lýði sem lítur eftir andlegri og tilfinningalegri líðan fangavara í þau tuttugu ár sem hann hefur starfað sem fangavörður.



Hótanir um líflát er daglegt brauð í fangelsum og það er ekki svo auðvelt að losna við það úr huganum og tilfinningalífinu án þess að geta rætt það við sérfræðinga sem eiga verkfærin til þess. Það er aldrei boðin fram aðstoð reglulega eins og ætti að vera.

„Menn eru bara að gefast upp í vinnunni. Eftir að ráðist var á tvo fangaverði í janúar á þessu ári var sett upp kerfi sem virkar þannig að fangaverðir þurfa sjálfir að óska eftir aðstoð. Við vitum vel og það er í mannlegu eðli að leita sér ekki hjálpar fyrr oftast of seint eða þegar alvarlegir atburðir gerast eins og líkamsárásir og langvinn streita sé farin að hafa slæm áhrif. Það væri gott að fangavörðum yrði boðin aðstoð sem væri sýnileg og áberandi. Einnig væri gott ef yfirvöld fangelsismála viðurkenndu það mikla áreiti sem fangaverðir verða fyrir innan veggja fangelsa, brygðust við og hefðu teymi sérfræðinga á takteinum með opinn faðminn.“

## Líflátshótanir daglegt brauð

„Fangaverðir eru margir hverjir að brenna út vegna álags; streitu, tilfinningalegs og andlegs álags. Hótanir um líflát eru daglegt brauð í fangelsum og það er ekki svo auðvelt að losna við það úr huganum og tilfinningalífinu án þess að geta rætt það við sérfræðinga sem eiga verkfærin til þess. Það er aldrei boðin fram aðstoð reglulega eins og ætti að vera. Fangaverðir geta ekki rætt

um líðan sína vegna vinnunnar við fjölskyldur sínar og beinlínis mega það ekki samkvæmt lögum. Þá eiga margir fangar ekki heima í fangelsum heldur á öðrum stofnunum sem geta hjálpað þeim með viðeigandi hætti sem ekki er fyrir hendi í fangelsunum,“ segir Victor.

Þegar Victor er spurður um hvort fangaverðir séu á flótta úr störfum er svarið stutt: „já!“.

Í lögum frá Alþingi nr. 48/1988 eru þrjár greinar um starfsmenn í fangelsum. Hvergi er þar að finna ákvæði um andlega heilsu fangavara, heilbrigði né öryggi. Augljóst er að ætla má að lítið sé á störf fangavara sem það vanmetnasta í löggæslunni innan hins opinbera, afskipt stétt. Úr því þarf að bæta með öðru en að setja upp blóm í gluggakistu eða skipta reglulega um ljósaperu. Fangaverðir eru starfsstétt sem hlúa þarf mikið að vegna eðlis starfsins. Fangaverðir eru, eins og kemur fram í svörum formanns Fangavaraðafélagsins, undir miklu álagi sem stjórnvöld þurfa að viðurkenna og bregðast strax við.

## Ráðherra hafnaði samtali um málefni fangavara

Mikilvægt er, að sögn formanns Fangavaraðafélagsins, að samtali um málefni fangavara geti átt sér stað við stjórnvöld. Það skiptir máli að mikilvæg störf eins og fangavarsla séu álitin verðmæt í samfélagi sem vill kenna sig við velferð og félagið fái tækifæri til að ræða við ráðherra um málefni þess, þó ekki nema í stutta stund. Vilji Fangavaraðafélagsins er að eiga talsamband og miðla upplýsingum til ráðuneyta sem varða þá.

Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra, hafnaði ósk um fund um málefni fangavara við stjórn Fangavaraðafélagsins þegar þess var óskað, en m.a. átti að ræða um málefni fangavara, kjör þeirra og starfsumhverfi. Ósk um fund með fjármálaráðherra, dagsett 31. maí sl., var ákveðin vegna þess að forstjóri Fangelsismálastofnunar, Páll Winkel, tjáði stjórn Fangavaraðafélagsins að tekin hefði verið einhliða ákvörðun um að greiða fangavörðum helmingi lægri upphæð en þeir telja sig eiga inni vegna launamunar. Auk þess var vilji til að ræða við ráðherrann um styttingu vinnuvikunnar og hvaða áhrif hún hefði á störf fangavara.

Í stuttu máli sagt hafnaði ráðherra fundi 23. júní sl., tæpum fjórum vikum eftir að ósk um fundinn barst, á þeim forsendum að ákvörðun hefði verið tekin um að greiða fangavörðum þann launamun sem ráðuneytið taldi viðunandi og vísaði á Fangelsismálastofnun. Victor segir að svo virðist sem stjórnvöld vilji ekki ræða málefni fangavara og að viðhorf til starfa fangavara séu þau að þeir séu olnbogabörn löggæslunnar. ■





# Um laun og kjarasamninga

Sátt á vinnumarkaði felur ekki einungis í sér samninga um kaup og kjör heldur einnig að fólki finnist það búa í réttlátu samfélagi. Tugmilljónagreiðslur sem samið er um í starfslokasamningum forstjóra fyrirtækja skipta litlu máli í þjóðhagslegu samhengi en stangast á við réttlætistilfinningu stórs hluta þjóðarinnar og eru ekki til þess fallnar að skapa frið á vinnumarkaði, skrifar Gylfi Zoega.





Á næstu mánuðum verður samið um kaup og kjör fyrir þorra launafólks. Þá er samið um skiptingu þeirra verðmæta sem verða til í hagkerfinu á milli eigenda fjármagns og launafólks og einnig um skiptingu launa á milli hinna ýmsu hópa launafólks.

Þótt margir eigi erfitt að ná endum saman um þessar mundir þá eru lífskjör engu að síður góð hér á landi í samburði við allflest önnur ríki, tekjur jafnari og eignir umfram skuldir heimila miklar að meðaltali í alþjóðlegum samburði. Atvinnuleysi er sömuleiðis lítið, atvinnuþátttaka mikil og kaupmáttur ráðstöfunartekna hefur aldrei verið meiri en á síðasta ári. Landsmenn njóta hitaveitu sem aldrei fyrr en verð á húshitun í Evrópu hefur hækkað mikið vegna styrjaldarinnar í Úkraínu.

### Ósætti á vinnumarkaði getur leitt til verðbólgu

Ef lítið er til vinnumarkaðarins þá batna lífskjör til langs tíma þegar framleiðni vinnuafsl eykst. Framleiðnivöxturinn stafar af tækniframförum, bættri menntun og þjálfun starfsfólks og einnig af því að framleiðsluþættir leita í hagkvæmari atvinnugreinar, nýjar verða til og aðrar hverfa. Af þessu leiðir þó ekki að kaupmáttur launa þurfi að fylgja meðaltalsframleiðnivexti frá ári til árs. Framleiðni er mismunandi á milli atvinnugreina og hún getur vaxið hraðar í sumum greinum en öðrum.

Frá ári til árs skiptir máli að sátt ríki á vinnumarkaði, eigendur fjármagns (fyrirtækja) sættist við launafólk um skiptingu verðmætanna og launafólk sé sátt innbyrðis þegar kemur að hlutfallslegum launum á vinnumarkaði. Ósætti getur leitt til verðbólgu þegar launafólk fer fram á meiri launahækkunar en fyrirtæki eru reiðubúin að samþykkja og fyrirtækin velta þeim út í verðlagið sem síðan kallar á frekari launahækkunar.

### Laun ákvarðast af samningsstyrk

Flestar starfsstéttir búa ekki við þær aðstæður að laun mótist af framboði og eftirspurn. Í mörgum atvinnugreinum er einungis einn atvinnurekandi eða fáeinir, svo sem í heilbrigðiskerfinu, í fiskvinnslu úti á landi og í skólakerfinu svo nokkur dæmi séu tekin. Laun ákvarðast þannig einungis að litlu leyti af framboði og eftirspurn heldur fremur af samningsstyrk aðila. Það er helst í greinum eins og ferðaþjónustu og smásöluverslun að mörg fyrirtæki keppa um þjónustu starfsfólks og framboð og eftirspurn ná að leika saman.

Ef laun ákvarðast einungis að takmörkuðu leyti af framboði og eftirspurn, getum við þá verið viss um að tekjuskjortingin sé réttlát í einhverjum skilningi? Að hún sé hagkvæm? Tökum sem dæmi störf slökkviliðsmanna. Í þjóðhagsreikningum er verðmæti þjónustu þeirra metið með þeim launum sem hið opinbera greiðir þeim og ákvörðuð eru í kjarasamningum og taka væntanlega tillit til launa viðmiðunarstétta – en hvert er raunverulegt verðmæti þessara starfa? Ein leið til þess að meta það væri að spyrja hvern borgarbúa hvað viðkomandi væri tilbúinn að greiða fyrir að hafa slökkvilið. Án efa kæmi

þá út upphæð sem væri mun hærrí en sú sem greidd er á ári hverju til slökkviliðsins. Hið sama mætti segja um heilbrigðisþjónustuna og skólana svo tvö dæmi séu nefnd. Laun kennara eru í litlum tengslum við verðmæti starfa þeirra. Hvers virði er kennari sem hefur jákvæð áhrif á uppeldi og þroska ungu kynslóðarinnar?

Atvinnugreinar hafa þó ekki einungis bein áhrif á þá sem njóta þjónustu þeirra, þær hafa einnig óbein áhrif. Kennarar sem kenna nemendum að lesa, að sýna öðrum virðingu og vera



**Heilbrigðisstarfsfólk sinnti störfum af mikilli samviskusemi og dró ekkert undan ... Það er kaldhæðnislegt að einstaka stjórnámálamenn tala eins og sumar þessara stétta séu byrði á samfélaginu vegna þess að þær starfa innan opinberra geirans.**

ábyrgir þjóðfélagsþegnar bæta þjóðfélagið með því að búa til upplýsta og ábyrga þjóðfélagsþegna. Heilbrigðisstarfsfólk sem hlúir að sjúkum bætir einnig lífsgæði, ekki aðeins þeirra sem njóta heilbrigðisþjónustunnar heldur einnig ættingja og vina. Vel heppnuð lækni meðferð hefur langvarandi áhrif á lífsgæði fólks.


### Stéttir opinberra starfsmanna eru ekki byrði á samfélaginu

Í COVID-19 farsóttinni hefur mikilvægi ýmissa starfsstétta komið skýrar í ljós. Þetta eru þær stéttir sem kalla má grunnstoðir samfélagsins. Heilbrigðisstarfsfólk sinnti störfum af mikilli samviskusemi og dró ekkert undan, kennarar reyndu sitt besta að láta ekki farsóttina bitna á nemendum sínum, sjómenn fóru á miðin þótt hættu væri á að þeir smituðust af sóttinni í lokuðum rýmum togara og þannig mætti lengi telja. Það er kaldhæðnislegt að einstaka stjórnámálamenn tala eins og sumar þessara stétta séu byrði á samfélaginu vegna þess að þær starfa innan opinberra geirans. Opinber rekstur skóla og heilbrigðisstofnana tryggir jafnan aðgang að þjónustunni en framlag til samfélagsins er engu minna en ef um einkarekna skóla og heilbrigðisstofnanir væri að ræða.

Sátt á vinnumarkaði felur ekki einungis í sér samninga um kaup og kjör heldur einnig að fólki finnist það búa í réttlátu samfélagi. Tugmilljónagreiðslur sem samið er um í starfslokasamningum forstjóra fyrirtækja skipta litlu máli í þjóðhagslegu samhengi en stangast á við réttlætisfinningu stórs hluta þjóðarinnar og eru ekki til þess fallnar að skapa frið á vinnumarkaði. Hið sama má segja um launakjör margra þeirra. Milljarða arðgreiðslur úr fyrirtækjum sem veita grunnþjónustu eru heldur ekki líklegar til að skapa sátt.

## Launahækkunar mega ekki velta út í verðlagið

Hlutverk verkafélaga og atvinnurekenda er að semja um laun í hinum ýmsu atvinnugreinum. Frá þjóðhagslegu sjónarmiði er mikilvægt að launasamningar séu ekki gerðir með þeim hætti að launahækkunar velti jafnóðum út í verðlagið sem síðan kalli á enn frekari launahækkunar. Þá getur reynst erfitt að vinda ofan af verðbólgukrúfunni og hækkandi vextir koma illa niður á þeim sem veikast standa á



„Milljarða arðgreiðslur úr fyrirtækjum sem veita grunnþjónustu eru heldur ekki líklegar til að skapa sátt. Gjá hefur smám saman myndast á milli hinna ýmsu þjóðfélagshópa.“

### Gjá milli þjóðfélagshópa

Gjá hefur smám saman myndast á milli hinna ýmsu þjóðfélagshópa. Lægst settir eru innflytjendur sem sinna ýmsum grunnstörfum í heilbrigðiskerfinu, starfa í byggingageiranum, í ferðaþjónustu og í fiskvinnslu. Þeir eru orðnir ómissandi hlekkur í hagkerfi okkar. Kjör eru samt oft mjög bág og dæmi eru um að gengið sé á réttindi þessa fólks. Næst má finna ófaglærða (innfædda) Íslendinga, síðan þá sem hafa lengri menntun að baki, starfsnám eða bóknað. Stjórnendur í stórum fyrirtækjum eru betur launaðir og einnig háttsettir yfirmenn í ráðuneytum. Efst sitja svo „eigendur“ náttúruauðlinda sem virðast smám saman vera að eignast stóran hluta atvinnulífsins.

húsnæðismarkaði. Það er þó hægt að láta sum laun hækka meira en önnur ef afkoma atvinnugreina leyfir án þess að verðbólga aukist.

Það er óskandi að aðilar vinnumarkaðar, bæði launafólk og atvinnurekendur, sýni ábyrgð við gerð kjarasamninga í vetur þannig að verðbólga fari ekki vaxandi og hjálpið að við að byggja upp réttlátara samfélag. Vonandi munu þeir fylgja þeirri gullnu reglu að koma fram við aðra eins og þeir vilja að aðrir komi fram við sig. ■

Höfundur er prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands.

# Uppbyggingu orlofshúsa í Munaðarnesi lokið

Texti og ljósmyndir eftir Axel Jón Ellenarson

Árið 2012 hófst endurbygging orlofshúsa Sameykis í Munaðarnesi og síðan þá er búið að reisa 20 ný hús í stað þeirra gömlu. Nú er þessum uppbyggingar-áfangi lokið. Fyrstu gestir þriggja nýrra orlofshúsa við Eyrarhlíð nr. 46, 47 og 48 dvöldu í húsunum í ágúst síðastliðnum.



Nýju orlofshúsin þrjú eru staðsett á neðra svæðinu í Eyrarhlíð með útsýni yfir Norðurá og verða fyrst um sinn í dagleigu fyrir félagsfólk í Sameyki. Heitir pottar eru við orlofshúsin, grillaðstaða og viðarpallar til að njóta góðra stunda og útsýnins af þeim. Orlofshúsin í Eyrarhlíð eru um 90 fm að stærð með svefnplássi fyrir 6 manns, þ.e. fyrir 2 í fyrsta svefnherberginu þegar komið er inn í húsið með 160x200 sm rúmi, fyrir 2 í kjuherbergi með 90x200 sm kju og 2 í þriðja herberginu einnig með 160x200 sm rúmi. Sængur og koddar eru samtals fyrir 6 manns. Ekki eru aukadýnur í húsinu og ekki gert ráð fyrir að húsið rúmi fleiri næturgesti en gefið er upp, þ.e.a.s. 6 fullorðna auk smábarns í ferðarúmi.

Í eldhúsum orlofshúsanna er ísskápur, eldavél með ofni, örbylgjuofn og borðbúnaður fyrir tíu manns. Sjónvarp er í stofu

og gasgrill og útihúsgögn fylgja með hverju orlofshúsi. Þá eru hreinsiefni og moppur til staðar í öllum orlofshúsum á svæðinu. Netsamband er í gegnum 4G-beini. Allar nánari upplýsingar um hvernig orlofsgestir kaupa sér áskrift að neti og sjónvarpsdag-skrá eru á staðnum.

Mikilvægt er að gestir sem njóta dvalar í orlofshúsunum taki með sér rúmfatnað, baðhandklæði, viskustykki, eldhúsrúllur, salernispappír og ruslapoka. Nóg er af kertastjökum í húsunum og í þá þurfa gestir að taka með sér sprittkerti. Pottlokin yfir heitu pottunum í húsunum eru gerð úr frauðplasti og eru orlofsgestir sérstaklega minntir á að það má alls ekki setjast á þau né standa upp á þeim, því þá geta þau brotnað. Gestir eru ábyrgir ef þau skemmast meðan á dvöl þeirra stendur. Leiðbeiningar um hvernig ganga skal um heitu pottana eru á staðnum í útigeymslu, sem er við hliðina á baðútgangi. Gestir eru beðnir að varast sírennsli í heitu pottana því þá geta húsin kólnað niður og vatnsþrýstingur í vatnskerfunum getur orðið of lítill. Gæta skal að því að láta vatnið einungis renna á meðan potturinn er í notkun.

Vonum við að gestir njóti dvalarinnar í þessum nýju glæsilegu orlofshúsum í framtíðinni og óskar Sameyki félagsfólki sínu til hamingju með nýju orlofshúsin. ■







# Haustfagnaður Lífeyrisdeildar Sameykis

Fimmtudaginn 10. nóvember 2022, kl. 12:00-16:00 stendur Lífeyrisdeild Sameykis fyrir haustfagnaði fyrir alla félagsmenn deildarinnar í Gullhömrum í Grafarholti. Boðið verður upp kalkún og lamb af steikarhlaðborði, súkkulaðifrauð með ferskum berjum og vanillurjóma, kaffi og konfekt.

## Skemmtidagskrá

**Hundur í óskilum skemmtir gestum**  
**Grímur Sigurðsson stjórnar samsöng**

Skráning á haustfagnaðinn er gegnum rafrænt orlofskerfi félagsins á vefsíðu Sameykis, sameyki.is eða á skrifstofu félagsins í sínum 525 8330/525 8340.

Félagsfólk má bjóða einum gesti með á haustfagnaðinn. **Athugið að greitt er fyrir matinn um leið og fólk skráir sig. Síðasti dagur til að skrá sig er 4. nóvember n.k. Verð 3.000 kr. á mann.**

## Takið frá 10. nóvember



# Genfarskólinn lykil

Eftir Stefaníu Jónu Nielsen

Genfarskólinn er starfræktur árlega í tengslum við ILC-ráðstefnuna sem haldin er af ILO, Alþjóðavinnuá-  
stofnuninni (International Labour Organization – ILO). Stofnunin hóf starfsemi árið 1919 á grundvelli ákvæða í friðarsamningunum sem voru undirritaðir í Versölum 28. júní 1918 og bundu enda á fyrri heimsstyrjöldina. Þar er kveðið á um að þjóðir heimsins skuldbindi sig til að koma á fót sérstakri stofnun sem hafi það hlutverk að ráða bót á þeim félagslegu vandamálum sem öll ríki eigi við að stríða. Varð þetta að sérstofnun innan Sameinuðu þjóðanna árið 1945 en geta má þess að það sama ár gerðist Ísland aðili að stofnunni.



## Friður byggist á félagslegu réttlæti

Alþjóðavinnuáskrifstofan starfar undir eftirliti stjórnarnefndarinnar og undir yfirstjórn forstjóra skrifstofunnar sem er kosinn til fimm ára í senn. Á vegum skrifstofunnar starfa um 2700 starfsmenn frá yfir 150 þjóðum í höfuðstöðvunum í Genf og á 40 skrifstofum sem settar hafa verið upp víða um heim vegna tækni- og þróunaraðstoðar. Grundvallarmarkmið



“

Almennum og varanlegum friði megi aðeins koma á ef hann byggist á félagslegu réttlæti.

ILO eru að berjast gegn fátækt og félagslegu óréttlæti. Þess vegna eru verkefni meðal annars að stuðla að atvinnu og bættum vinnuskilyrðum um allan heim og verndun frelsis og réttinda stéttarfélaganna. Aðildarríki ILO eru nú 183.

Eins og áður sagði var ILO stofnuð í félagslegu og efnahagslegu umróti eftir fyrri heimsstyrjöldina. Það voru nokkrar ástæður fyrir stofnun ILO, að hluta til mannúðarsjónarmið, að hluta til stjórnmálalegar ástæður ásamt ótta við félagslega ólgu og öfgar á hinu pólitíska sviði. Þær voru líka að hluta til efnahagslegar – bætt vinnuskilyrði voru talin leiða til hærri framleiðslukostnaðar en lönd sem tóku upp slíkar aðgerðir

óttuðust að missa samkeppnisforskot sitt á kostnað launafólks sem greiddi fyrir gagnkvæma samkeppni þjóðanna um verð og markaði með lágum launum og ömurlegum vinnuskilyrðum.

ILO starfar enn eftir sinni stjórnarskrá sem samþykkt var árið 1919 og er leiðarvísir fyrir allt starf stofnunarinnar. Í aðfararorðum stjórnarskrárinnar segir að almennum og varanlegum friði megi aðeins koma á ef hann byggist á félagslegu réttlæti. Árið 1944 jókst starfsemi ILO í átt að aukinni hjálparstarfsemi fyrir fátæk lönd, rannsóknur á félagslegum og efnahagslegum aðstæðum og ráðgjöf um stefnumál og árið 1969 hlaut stofnunin friðarverðlaun Nóbels.

## Genfarskólinn verður til

Árið 1931 var Genfarskólinn stofnaður og hefur hann ávallt verið rekinn af norrænu alþýðusamböndunum. Skólinn hefur það að markmiði að auka þekkingu og skilning á starfi stofnunarinnar, rannsóknur hennar á alþjóðlegum vinnumarkaði og almennt á stöðu vinnumarkaðsmála í heiminum. Þá styrkir hann einnig norrænt samstarf verkalýðsfélaga og verkalýðssamtaka. Aðild að skólanum eiga verkalýðssamtök í Svíþjóð, Noregi, Danmörku, Finnlandi og Íslandi. Heildarfjöldi nemenda er á fjórða tug og gætt er að jafnri kynjaskiptingu hverju sinni. Ísland á tvö sæti í skólanum og skiptast þau á milli ASÍ annars vegar og BSRB hins vegar. Geta þeir sem eru virkir félagsmenn innan stéttarfélaganna sem tilheyra þessum heildarsamtökum sótt um námið. Æskilegt er að þátttakendur hafi bæði mikinn áhuga á alþjóðamálum verkalýðshreyfinga og góða tungumálaþekkingu á einu Norðurlandamáli ásamt ensku. Lögd er rík áhersla á að Norðurlandamálið sé sænska, norska eða danska.

Í Genfarskólanum fræðast nemendur um alþjóðamál verkalýðshreyfingarinnar og er skipulag skólans fjórskipt. Fyrsta lotan er staðnám, annaðhvort í Svíþjóð eða í Brussel. Þar eru unnin verkefni, haldnar kynningar, hlýtt á fyrirlestra og pallborðsumræður. Næsta lota er byggð upp á fjarnámi þar sem nemendur vinna verkefni sem markast bæði af því sem þeir lærðu í fyrstu lotunni, ásamt að undirbúa þriðju og síðustu lotuna. Síðasta lotan, sem er meginnámskeiðið, stendur svo yfir í tvær til þrjár vikur í Genf þar sem nemendurnir taka þátt í þinghaldi Alþjóðavinnuáráðstefnunnar (ILC).

Genfarskólinn samanstendur af fjórum meginhlutum og mætingarskylda er á öll námskeið. Fyrsti hluti námsins samanstendur af stuttri þjóðarsamkomu. Í öðrum hluta námsins hittast allir þátttakendur á Runö, norður af Stokkhólmi, eða í Brussel á sameiginlegu fornámskeiði. Þar vinna þátttakendur saman hópverkefni. Dagskráin gerir ráð fyrir að þátttakendur hafi grunnfærni varðandi ILO, samþykktir þess og starfsemi innan landanna. Hópverkefnið verður að tengjast dagskrá ILO-ráðstefnu þess árs sem þingið er haldið.

# 1 að betra samfélagi

Í þriðja hluta, eftir fornámskeiðið, vinna þátttakendur verkefni á netinu sem tekur u.þ.b. þrjátíu klst. Tilgangur þess verkefnis er kynning á ILO-samþykktum og ráðleggingar gefnar sem tengjast áherslum verkefnisins. Þátttakendur leita sjálfstætt upplýsinga um störf ILO innan hvers lands fyrir sig. Í fjórða og síðasta hluta námskeiðsins ferðast þátttakendur til Genfar til að vera saman og læra á ILC. Tíminn í Genf er dreginn saman

um allan heim sem ráða til sin „nema“ og greiða þeim ekki laun fyrir unnin störf. Er það flokkað sem launaþjófnaður.

3. SEE - Social and solidarity economy: Nefnd þar sem stefnumótendur frá öllum heimshornum safnast saman til að deila reynslu sinni, starfsvenjum og áskorunum í



*Guy Ryder, fremst fyrir miðju hópsins, fráfarandi forstjóri Alþjóðavinnuástoðunarinnar ásamt kennurum og nemendum Genfarskólans. T.v. fremst í neðstu röð er Mari Taivainen kennari í Genfarskólanum, og fremst í neðstu röð t.h. er Tor-Espen Stenerud skólastjóri Genfarskólans. Tilfni myndatökunnar er að þetta var síðasti fyrirlestur Guy Ryder við Genfarskólann. Hann lætur af störfum sem forstjóri ILO í október 2022.*

með því að útbúa skýrslu. Á hverju hausti er nám í Genfarskól-  
anum auglýst og er þá opnað fyrir umsóknir í skólann.

## Nemendur taka beinan þátt í störfum þingsins

Nefndirnar eru mismunandi á milli ára og miðast við hvað er að gerast í vinnumarkaðsmálum landanna og stöðunni á alþjóðasviðinu. Út frá því er ákveðið hvað þingið mun fjalla um í kjölfarið og takast á við. Nokkrar fastanefndir eru starfandi árlega á þinginu, og sumar eru eingöngu ætlaðar ákveðnum hópum og óaðgengilegar nemendum. Nefndirnar sem voru í boði fyrir nemendur Genfarskólans árið 2022 voru eftirfarandi:

1. CAS: Nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykktu. Þessi nefnd er árleg og sér um að kalla til lönd á fund sem brjóta samþykktir Alþjóðavinnuástoðunarinnar sem þau eru aðilar að. Þurfa málsvarar launafólks, atvinnurekenda og ríkisstjórna landanna að koma til fundarins og svara fyrir brot á samþykktum. Þá þarf að liggja fyrir í lok þingsins hvernig löndin hyggjast bæta úr brotum þessum og á hve löngum tíma.
2. Apprenticeships: Nefnd sem fjallar um vinnuveitendur

störfum sínum á vinnumarkaði. Nefndin telur að félags- og samstöðuhagkerfi (SEE) sé raunhæf lausn á sviðum efnahags, félags og umhverfis með það að markmiði að koma á jafnvægi.

4. Félagslegt réttlæti fyrir sanngjarna hnattvæðingu (Social justice for fair globalization): Nefnd um félagslegt réttlæti fyrir sanngjarna hnattvæðingu sem Alþjóðavinnuástoðunin samþykkti einróma með yfirlýsingu þann 10. júní 2008. Þetta er þriðja meginyfirlýsingin um meginreglur og stefnur sem Alþjóðavinnuáráðstefnan hefur samþykkt síðan stjórnarskrá ILO var sett 1919. Hún byggir á Filadelfíuyfirlýsingu frá 1944 og yfirlýsingu um grundvallarreglur og réttindi á vinnustað frá 1998. Yfirlýsingin frá 2008 lýsir nútímasýn á umboð ILO á tímum hnattvæðingar.

Að lokum skal geta þess að Alþjóðavinnuástoðunin er eina stofnunin innan Sameinuðu þjóðanna sem hefur þrískipt vald. Það samanstendur af launafólki sem hefur eitt atkvæði, atvinnurekendur sem hafa eitt atkvæði og ríkisstjórnir sem hafa tvö atkvæði á þingi stofnunarinnar. ■



„Ekki kom þó alveg fram hvert markmiðið væri. Kannski að tortíma sjúkrahúsi sem þjóðin hefur rekið fyrir sjálfa sig á eigin kostnað í 92 ár og greiða fyrir einhverju betra eða verra? Kannski, kannski. Magnús Karl telur almenning ekki endilega átta sig á þessari niðurskurðareyðileggingu, hvað þá að hann samþykki hana.“

# Einn segir þetta, annar segir hitt

Eftir Kristófer Inga Svavarsson



Prot blasir við að óbreyttu, er haft eftir Runólfi Pálssyni, forstjóra Landspítalans, í Vísi á dögunum. Manneklan sé óskapleg, þrotlausir erfiðleikar valdi því að spítalinn verði þrotabú innan skamms. Enginn eftir, enginn við störf! Prot!

Ekki virðast þeir hafa borið saman bækur sínar nýlega þeir Runólfur og Björn Zoega, formaður stjórnar þessa sama Landspítala. Björn virðist hafa lausnir á reiðum höndum, lausnir sem Runólfi sést greinilega yfir með allt sitt manneklutal. Björn segir nefnilega vel koma til greina að fækka starfsmönnum Landspítalans

í hagræðingarskyni. Hann staðhæfði á Sprengisandi á dögunum að fyrir einn „klínískan starfsmann“ hefðu verið ráðnir fjórir til fimm skrifstofumenn undanfarin ár. Það var og; Landspítalinn er sem sagt skrifræðisófreskja. Og hvar sitja þessir skriffinnar með fætur upp á borði og naga blýanta? Ekki hef ég séð neinn þeirra á Vífilsstöðum nýlega.

## Pólitikusat bera ábyrgð á niðurskurðinum

Í Vísi kemur ennfremur fram að Magnús Karl Magnússon, prófessor við læknadeild Háskóla Íslands, er ósammála Birni. Niðurskurður í heilbrigðiskerfinu sé markviss, stjórnvöld og pólitikusat beri ábyrgð á honum. Markviss; það er eitthvað sem stefnir að ákveðnu marki? Ekki kom þó alveg fram hvert markmiðið væri. Kannski að tortíma sjúkrahúsi sem

Þjóðin hefur rekið fyrir sjálfa sig á eigin kostnað í 92 ár og greiða fyrir einhverju betra eða verra? Kannski, kannski. Magnús Karl telur almenning ekki endilega átta sig á þessari niðurskurðareyðileggingu, hvað þá að hann samþykki hana. Þetta er skiljanlegt. Hlýði maður á málflutning þeirra góðu manna sem teljast kyndilberar heilbrigðiskerfisins er ljóst að eitt rekur sig á annars horn. Og flestir tala undir rós. Hvernig brást til að mynda Willum Þór Þórsson heilbrigðisráðherra við þrotabúskenningu Runólfs? Hann segir Landspítalann ekki á leið í þrot, nei, nei, nei. Vissulega vanti bæði fé í rekstur og menn í störf en þrot? Nei, nei! Það séu hins vegar tvö



**Það syrtir í álinn, enda erum við í stórfelldum vandræðum, sagði Runólfur Pálsson í viðtali við Vísi í maí í vor. Þess vegna ætti að reyna að bjóða út starfsemi Vífilsstaða. Einkavæða hana. Það sem gert væri á Vífilsstöðum væri ekki hluti af „kjarnastarfsemi“ Landspítalans.**

blikkandi ljós, það er (lítill) mannaflí og (of lítið) fjármagn, hvorugt nægi, en þrot? Nei! Willum segir stjórnvöld eiga „margbætt verkefni fyrir höndum“. Einmitt það. Í auglýsingu er þá væntanlega að skipa nefnd valinkunnra sómamána sem móti bjartsýna framtíðarsýn á heilsufarsmál upprennandi kynslóða, svo töluð sé golfranska kerfiskarlanna.

### Vífilsstaðir utan kjarna?

Það syrtir í álinn, enda erum við í stórfelldum vandræðum, sagði Runólfur Pálsson í viðtali við Vísi í maí í vor. Þess vegna ætti að reyna að bjóða út starfsemi Vífilsstaða. Einkavæða hana. Það sem gert væri á Vífilsstöðum væri ekki hluti af „kjarnastarfsemi“ Landspítalans.

Á Vífilsstöðum er ein af öldrunardeildum sjúkrahússins. Þar eru liðlega 40 rosknir sjúklingar hverju sinni sem hafa svonefnt „gilt færni- og heilsumat“ og bíða þess að fá dvalarpláss á hjúkunarheimili. Um 500 manns á ári. Stundum er biðin skömm, stundum óralöng. Það sem vistmenn á Vífilsstöðum eiga sameiginlegt er að þeir eru

svo sjúkir að þeir geta ekki dvalist heima hjá sér, þrátt fyrir heimahjúkrun og aðhlyningu ættingja og ástvina, en eru fæstir alveg í fjörbotunum. Þetta fólk er ofurselt þeim þrautum sem iðulega fylgja ellinni og hljóta að teljast sjúkdómar. Allir þekkja böll kennt við þá James Parkinson og Alois Alzheimer, krabbamein, og alvarlega hjartasjúkdóma. En ótal aðrir vágestir gera gömlu fólk lífið leitt; svo sem byltubeinbrot, hatrómm gigt, hnjáslit, jafnvægisröskun, meltingartruflun og veruleikaskyn á hverfanda hveli. Svo sitthvað sé nefnt. Oft herjar margt af þessu á sjúklinginn samtímis. Hvers vegna umönnun þessa fólks sé ekki hluti af „kjarnastarfsemi“ ríkisrekens háskólasjúkrahúss, eina sjúkrahúss landsmanna, er ofar mínum skilningi. Og hver er þessi „kjarni“? eru öldrunardeildir í Landakoti og Fossvogi í honum, eða hyggjast menn bjóða rekstur þeirra út líka? Eða er „kjarninn“ landfræðilegt hugtak en ekki læknisfræðilegt? Allt utan Reykjavíkur því utan hans?

### Vífilsstaðir í lausu lofti

Þann 16. maí síðastliðinn var starfsfólk Vífilsstaða, klínískt og ekki-klínískt, boðað á mikilvægan fund í hátíðarsal sjúkrahússins. Þar var tilkynnt, klippt og skorið, að ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur hefði ákveðið að bjóða út, eða einkavæða, þá starfsemi sem væri í húsinu. Nýir rekendur tækju við í haust eða um áramót. Óvist væri hvort nokkrum sem ynni á Vífilsstöðum stæði til boða að starfa þar áfram með nýju yfirvaldi. Allir væru þó samningsbundnir Landspítala og yrðu það áfram. Lof var borið á starfsfólk fyrir góða framgöngu í „faraldrinum“, forráðamenn Landspítala væru ánægðir með Vífilsstaði og vonuðu að þar yrði áfram rekin biðdeild fyrir roska sjúklinga.

Næstu daga var síðan rætt við sérhvern starfsmann og hann inntur eftir því hvar hann kysi að hefja störf á annarri deild Landspítalans. Flestir nefndu Grensás, B4 í Fossvogi og Landakot.

Og svo birtist útboð Sjúkratrygginga Íslands. Þar var auglýst eftir einhverjum til að reka almenna líknaðeild fyrir 24 sjúklinga, þá sem væru við dauðans dyr, og skammtímadeild fyrir 16 manns, fólk sem færi heim að lokinni meðferð. Engin biðdeild!! Tilboðsfrestur til 15. júlí.

Alla rak í rogastans. Síðan hefur enga þýðingu haft að reyna að afla fréttu um framvindu þessara útboðsmála, enginn veit neitt um neitt. Annaðhvort er farið með tilboð eins og mannsmorð, hvorki starfsmenn eða vistmenn Vífilsstaða mega fá upplýsingar, eða enginn hefur boðið í starfseminu. Þar er því beðið og beðið. Starfsfólkið bíður í óvissu um framhaldið, sjúklingar og ættingjar og ástvinir þeirra bíða upplýsinga um hlutskipti sitt. Ef engin biðdeild verður á Vífilsstöðum, hvar verður hún þá? Þörfin er brýn, Íslendingar verða æ fjölmennari þjóð, og æ eldri, hjúkunarheimilum fjölga hæggar en roska sjúklingum. Hvar eiga þeir að bíða sem ýtt er út úr bráðadeildum Landspítalans, en eiga ekki afturkvæmt heim? Engin umræða fer fram um þetta, hér er engin „framtíðarsýn“, allt er ýmist í lausu lofti, eða að þrotum komið. ■

*Höfundur er trúnaðarmaður Sameykis á Vífilsstöðum.*

# Evran og hagsmunir félagsfólks í Sameyki

Eftir Höskuld Einarsson

Við þekkjum öll að verðlag á Íslandi er hærra en víðast annars staðar. Okkur er sagt að launin séu há og vissulega koma oft margar krónur í launaumslagið en við fáum óþarflega lítið fyrir þær. Af hverju er verðlag svona hátt hér á landi – hefur verið svo lengi sem menn muna og þá sérstaklega matarverð? Þarf að sætta sig við þetta um ókomna framtíð? Íslenska krónan er minnsti gjaldmiðill í heimi og er auk þess fljótandi á markaði og þarf því ekki mikla innkomu eða útlæði gjaldeyris á markaðinn til að hreyfa töluvert við genginu.



## Hátt vaxtastig, verðtryggð lán og verðbólga

Það felur í sér mikinn kostnað og fórnir fyrir land og þjóð að vera með sjálfstæðan gjaldmiðil. Stuðningsmenn krónunnar halda því fram að umhverfi okkar sé ólíkt öðrum Evrópuríkjum og við þurfum að hafa þann möguleika að fella krónuna. Hins vegar má spyrja hvort kjör almennings hafi batnað við gengisfellingingu og aukna verðbólgu, eða hvort verið sé að verja hagsmuni einhverra annarra en almennings. Þurfum við alltaf að búa við hátt vaxtastig og verðtryggð lán? Þó svo að vægi verðtryggðra lána hafi minnkað eitthvað undanfarið þá erum við flest enn í þeirri stöðu að þurfa að greiða húsnæðislán okkar tvöfalt til þess til baka, ólíkt nágrannabjóðum.

Þeir sem eldri eru muna eftir mikilli verðbólgu, verðtryggðum lánnum og reglulegum rausnarlegum gengisfellingum á árum áður. Velta má fyrir sér hvers vegna við sem búum á þessu landi þurfum að bera mun meiri vaxtakostnað en íbúar í löndum í kringum okkur og búa við óvæntar launalækkanir sem gengisfellingar hafa í för með sér.

## Dýr króna

Því fylgir því mikill kostnaður fyrir Seðlabanka Íslands að halda varagjaldeyrissjóð sem getur numið allt að 1000 milljörðum eftir aðstæðum í þjóðfélaginu. Einnig má benda á gjaldtöku bankanna við kaup og sölu á gjaldeyri. Þetta eru háar upphæðir fyrir þjóðfélagið á ári hverju og gera lítið annað en að hækka verðlag og auka verðbólgu. Það er hins vegar ekki víst að bankarnir séu spenntir fyrir að missa þessar tekjur.

Vert er að skoða hvort einhverjir hópar hafi hag af því að Ísland noti sinn eigin gjaldmiðil. Hvort hér séu einstaklingar sem eru með það rúm fjárráð að geta nýtt sér gengissveiflur til að kaupa og selja gjaldeyri og jafnvel fjárfest í íbúðarhúsnæði þegar markaðurinn er í lægð og selt þegar verð hækkar. Athuga má hverjir

hafa talað hæst á móti upptöku evru á Íslandi, og hvort það séu hópar sem hafa hag af óbreyttu ástandi. Er það fyrirtækin sem gera upp í evrum og taka sín lán erlendis en borga laun og innlendan kostnað í krónum? Þessi lýsing getur átt við sjávarútveg, stóriðju og stóru útlutningsfyrirtækin.

Einnig hefur borið á því að meðlimir nokkurra stjórnvaldaflokka hafi allt á hornum sér þegar kemur að umræðunni um evruna, og viti fátt verra en heilbrigða og vandaða umræðu í þjóðfélaginu um gjaldmiðilsmál. Þessar gagnrýnisráddir eru oftast en ekki að segja okkur hinum að þessi mál séu bara alls ekki til umræðu núna. Mögulega er þá verið að verja hagsmuni fárra á kostnað almennings.

## Evru fylgir ábyrgð

Fyrir okkur hin sem fáum laun okkar í krónum gæti upptaka evru bætt kjör okkar með lægra verðlagi, stöðugra gengi, lægri vaxtakostnaði og losað okkur alveg við verðtryggð lán – sem ég geri ráð fyrir að fáir sakni nema helst fjármálastofnanir.



Þetta hefur verið raunin í löndum þar sem evran hefur verið tekin upp sem lögeyrir og sama kæmi til með að gerast á Íslandi. Upptaka evru krefst þó meira aðhalds og ábyrgðar í ríkisfjármálum og það gæti orðið áskorun fyrir alþingismenn sem hafa farið frjállega með fjármuni ríkisins, komist upp með að fella gengið þegar búið er að gera í brókina og sent reikninginn til almennings eins og sagan ber vitni um. Fram til ársins 1922 var íslenska krónan jafnverðmæt dönsku krónunni. Í dag fást fyrir 100.000 íslenskar krónur rétt rúmlega 5.000 danskar krónur.

## Nýir tímar

Nú eru fyrirséðar miklar breytingar í atvinnumálum þjóðarinnar með tilkomu fjórðu iðnbyltingarinnar sem þýðir að við verðum meira tengd og háð alþjóðasamfélaginu með viðskipti og ýmiss konar samvinnu. Þá hefur vægi sjávarútvegs og landbúnaðar dregist töluvert saman síðustu ár sem þýðir að við verðum að treysta á aðrar útlutningsgreinar til að skapa gjaldeyri. Okkur vantar fleiri betur launuð og fjölbreytt störf til að halda í unga fólkið okkar.

Nýjar atvinnugreinar koma sterkt inn eins og hugverkabúnaður, stór verkefni í heilbrigðisgeiranum, ýmislegt tengt tækni og internetinu, og ekki má gleyma kvikmyndaiðnaðinum. Til að þessar greinar dafni og hafi möguleika í samkeppni við erlend fyrirtæki þurfa þær aðgang að evru og svipuðum vaxtakjörum og eru í boði í löndunum í kringum okkur. ■

Höfundur er félagi í Sameyki.



# VETRARLEIGA Í ORLOFSHÚSUM OG ORLOFSÍBÚÐUM SAMEYKIS

Tímabil vetrarleigu á orlofshúsum og íbúðum Sameykis innanlands er frá lokum ágúst-mánaðar og til loka maímánaðar ár hvert.

Opið er fyrir bókanir innanlands fimm mánuði fram í tímann, að undanskildum páskum og sumri, sem er ávallt úthlutað sérstaklega.

Fyrsta virka dag í mánuði bætist við nýr mánuður og er þá opnað fyrir bókanir fyrir félagsmenn þann dag á orlofsvef Sameykis kl. 9:00.

## Orlofshús á Spáni

Opið er fyrir bókanir á orlofshúsum og íbúðum Spáni sex mánuði fram í tímann, að undanskildum páskum og sumri sem er úthlutað sérstaklega. Eins og með úthlutunarreglur innanlands gildir það sama; fyrsta virka daginn í mánuði bætist við nýr mánuður og er þá opnað fyrir bókanir fyrir félagsmenn þann dag á orlofsvef Sameykis kl. 9:00.



# Kjaraviðræðukjöt- lokukaloríubomba

Texti og ljósmyndir eftir Harald Jónasson



Samloka með skinku og osti í samlokugrilli er tækni-lega séð kjötloka, þannig að þetta er ekki alltaf flókið. Við skulum þó flækja lífið aðeins hér og gera okkur steikarsamloku með hægelduðu nautahálsstykki, endursteiktu með ostasósu og svissuðum lauk. Jafnvel smá paprikustrímlum – fyrir þá sem höndla hana. Þetta er svakaleg kaloríubomba sem jafnvel hörðustu samlokuaetir ættu að kætast yfir. Skyldar lokur hafa verið kenndar við Filadelfíuborg í henni Ameríku.

## Eldum kjötið

Byrjum á hægelduninni. Nautahálsstykkið kallast chuck á ensku og fæst með því að koma við hjá uppáhaldskjötsalanum. Hvort sem það er Christensen kjötkaupmaður í Kjöthöllinni, Geiri í Kjötubúðinni eða Hafnfríðingarnir síkátu í Kjötkompaníi. Svo má auðvitað fletta næsta nautafraumeiðanda upp í símaskránni. Lisa og Þórarinn á Hálsi í Kjós eru þar örugglega. Nautahálsinn er kjötstykkið beint fyrir ofan rifjaugað og ætti að fást á rétt um hakkverði. Þarna eru saman komnir margir vöðvar sem vinna mikið í að halda hausnum á nautgripnum uppi – þannig að það þarf að elda þetta stykki sæmilega hægt og lengi. Aðferðin við það skiptir ekki öllu í þessu tilfalli. Smá salt og pipar á kjötið og elda svo þangað til það er alveg að detta í sundur. Við erum þó ekki að gera kæfu þannig að ekki enda í ruglinu – en svona næstum því. Til dæmis með því að súvíða í poka með smá smjeri í nokkra tíma á 60 gráðum í sirka sólarhring eða elda í lokuðu íláti inn í ofni með smá vökva í þrjú, fjóra tíma á 150 gráðum. Fyrir þá sem nenna ekki hægeldun er um að gera að nota hraðsuðupott. Algerlega nauðsynlegt tæki. Blasta þá kjötið í sirka 45 mínútur og afþrýsta náttúrulega í korter eða svo. Sama hvaða aðferð er notuð skiptir mestu máli að við erum að elda kjötið þangað til að það rétt hangir saman. Best að elda það degi eða tveimur áður en samlokan er sett saman og geyma í kælinum þangað til samlokutíminn rennur upp.

## Ostasósan

Það eru margar leiðir til að gera ostasósu en að þessu sinni byrjum við á að gera jafning. Hveiti og smjör er brætt saman í potti, sirka matskeið eða svo af hvoru. Þetta er steikt í hálf mínútu eða rúmlega það til að ná hrollinum úr hveitinu. Þá er sirka einn og hálfur desilítri af mjólk hrærður smátt og smátt saman við. Þegar jafningurinn er kekkjalaus er hnefayfylli eða tvö af rifnum osti, t.d. blöndu af Cheddar og Sveitabita, bætt út í og hrært þangað til að allt er bráðið saman. Passa að taka af hitanum þegar osturinn fer út í pottinn. Hitinn af jafningnum ætti að vera nóg til að bræða ostinn. Til að færa sósuna upp um borð bætum við töfraefni við. Nokkrum sneiðum af amerískum osti. Hann er svo fullur af efnum til að halda honum saman að hann gerir allar

ostasósusur sem hann snertir silkimjúkar og gljáandi. Tvær þrjár sneiðar ættu að duga í þetta magn. Annað trix er að nota bara þann ameríska en þá langar okkur dreykja poka af nachos í sósunni þannig að það verður bara seinna. Nú erum við að gera samloku!

Punkturinn yfir i-ið er svo að rífa smá kjöt út í ásamt aðeins af vökvanum sem kjötið var soðið upp úr og blanda við sósuna. Jafnvel að sjóða vökvann aðeins niður fyrst. Allt eftir nennu.

## Samlokugerðin

Laukur og mögulega paprika eru steikt á pönnu. Grænmetið er steikt þar til það er byrjað að mýkjast og taka örlítinn lit. Ekki sulta laukinn, þá verður hann of væminn fyrir þessa loku. Hægeldaða kjötið er tekið úr kælinum og skorið niður í þunnar sneiðar eða



Það eru til tvær tegundir af fólki. Fólk sem steikir samlokubrauðið á pönnu og fólk sem steikir ekki samlokubrauðið á pönnu. Við skulum reyna eftir fremsta megni að tilheyra fyrri hópnum.

rifið niður eftir stemningu og eldun. Steikt við háan hita þar til á það kemur smá litur. Krydda með salti og pipar eftir smekk.

Það eru til tvær tegundir af fólki. Fólk sem steikir samlokubrauðið á pönnu og fólk sem steikir ekki samlokubrauðið á pönnu. Við skulum reyna eftir fremsta megni að tilheyra fyrri hópnum. Þannig er samlokubrauðið, eitthvað mjúkt og gott, steikt upp úr skófunum af kjöt- og lauksteikingunni. Þeir sem þora bæta smá smjóri á pönnuna fyrst.

Uppbyggingin hefst með því að sósa er sett á neðri helminginn sem grunnur, þá málamyndarlag af salati, kjötið þar ofan á og steikta grænmetið ofan á það. Ef það er til súr gúrka er það aldrei verra. Hún fer þá ofan á það steikta. Efst fer svo (ó)hóflegt magn af sósu. Ef það er hægt að loka lokunni er það gert, annars bara reyna að koma þessu ofan í sig, þurrka sér um munninn og fara svo lóðbeint á kjarasamningafund. ■



Kjara  
viðræðu  
kjöttloku  
kaloríu  
bomba



# Gott að vita!

## Námskeið og fyrirlestrar á vegum Sameykis - Hausti 2022

Sameyki í samstarfi við Framvegis miðstöð símenntunar býður upp á námskeið og fyrirlestra fyrir félagsmenn þeim að kostnaðarlausu. Flestir viðburðirnir eru í húsi, hjá Framvegis Borgartúni 20, en hluti þó á netinu og einhver bæði í húsi og á netinu. Nánari upplýsingar og skráning er á vef framvegis.is Skráning opnar mánudaginn 26. september kl. 17:00.

### Norðurland

Einnig býður Sameyki í samstarfi við Farskóla Norðurlands vestra, Símei og fleiri stéttarfélag á Norðurlandi upp á fyrirlestra og námskeið.

Þar má m.a. nefna námskeiðin Tíu leiðarvísar, Að kaupa sína fyrstu íbúð, Öryggisvitund á netinu, Hlutabréf fyrir byrjendur, Starfslok á ströndinni, Út í heim með húsaskiptum svo eitthvað sé nefnt. Nánari upplýsingar og skráningu má finna á vef Framvegis undir fræðslu.

### Að gefnu tilefni!

Þegar þú skráir þig á námskeið hjá Framvegis vertu þá viss um að enda á að smella á „Skrá umsókn“ til að ljúka skráningarferlinu.

Vinsamlegast láttu vita tímanlega ef þú getur ekki nýtt plássið þitt á námskeið svo hægt sé að hleypra fólki inn af biðlista.

Hægt er að láta vita um forföll í gegnum netfangið helga@framvegis.is eða í síma 581 1900.

Skráning hefst 26. september kl. 17:00 á vef Framvegis, framvegis.is, undir Nám og þar er að finna nánari upplýsingar um viðburði í Gott að vita.



### Haustraukar, niðurstætt og umhirða

Dagsetning: Mánudagur 3. október  
Klukkan: 19:00-20:30  
Lengd: 1,5 klst.  
Staður: Netviðburður  
Leiðbeinandi: Vilmundur Hansen, garðyrkju- og grasfræðingur

Hver elskar ekki haustrauka? Nú er tíminn til að segja þá niður og Vilmundur fer yfir hvernig við berum okkur að. Endurtekið námskeið vegna áskorana og ánægju með námskeiðið og Vilmund.

### Sjósund

Dagsetningar: Fyrirlestur og kynning: Miðvikudagur 5. október Sjósund: Þriðjudagur 11. og fimmtudagur 13. október.  
Klukkan: 18:00-19:00  
Lengd: 1-3 klst.  
Staður: Fyrirlestur og kynning hjá Framvegis Borgartúni 20. 3. hæð. Leiðbeinandi gefur upp staðsetningar á sjósundi.  
Leiðbeinandi: Erna Héðinsdóttir

Sjósund bætir hressir og kærir. Langar þig að prófa, en veist ekki hvernig þú átt að byrja? Námskeiðið verður byggt á "villisundi". Það þýðir að við förum í sjóinn á stöðum á Stór-Reykjavíkursvæðinu þar sem engin eiginleg búningaástoða er til staðar eða heitir pottar. Þáttaka á fyrirlestrinum forsenda þess að halda áfram

á námskeiðinu. Að fyrirlestri loknum hafa þátttakendur val um að koma í annan eða báða tímuna í sjó.

### Marokkó fyrir ferðamenn

Dagsetning: Mánudagur 10., 17. og 24. október  
Klukkan: 17:30-19:30  
Lengd: 6 klst.  
Staður: Framvegis, Borgartún 20, 3ja hæð  
Leiðbeinandi: Sonja Jóséfsdóttir sem er frá Marokkó og hefur búið í 23 ár á Íslandi

Marokkó laðar til sín ferðamenn sem aldrei fyrr. Þegar farið er á framandi slóðir getur verið gagnlegt að kynna sér áfangastaðinn. Á þessu námskeiði fjallar Sonja, sem er frá Marokkó, um ýmsa þætti sem gera undirbúning ferðarinnar auðveldari og ferðina sjálfa jafnvel ánægjulegri.



### Kyrrðargöngunámskeið

Dagsetningar: Miðvikudagur 12., 19. og 26. október  
Klukkan: 17:00-19:00  
Lengd: 6 klst.  
Staður: Saga Storyhouse, Flatahraun 3, 2. hæð, Hafnarfirði  
Leiðbeinendur: Guðbjörg Björnsdóttir iðjuþjálfari og Ingibjörg Valgeirsdóttir, MBA, BA í uppeldis- og menntunarfræðum, báðar með MA-diploma í jákvæðri sálfræði og yogakennararéttindi.

Leiddar kyrrðargöngur eða hæglatísögöngur í þremur ólíkum náttúruperlum þar sem gengið verður með

vatni, skógi og hafi. Hver tími hefst á fræðslu og svo er ekið í 5-10 mínútur að gönguleiðum.

### Aðsig –sjálfskoðun, tækifæri og áræðni!

Dagsetning: Fimmtudaga 13., 20. og 27. október  
Klukkan: 17:00-20:00  
Lengd: 9 klst.  
Staður: Framvegis, Borgartún 20  
Leiðbeinandi: Helga Tryggvadóttir, náms- og starfsráðgjafi og verkefnastjóri  
Námskeið fyrir þá sem vilja taka stöðuna í lífinu, velja fyrir sér styrkleikum og draumum og spá í framhaldið. Námskeiðinu er ætlað að styðja þá sem finna hjá sér þörf eða löngun til að vega og meta styrkleika sína og langanir, með það fyrir augum að þátttakendur skoði markmið sín og ihugi næstu skref.

### Lestur launaseðla

Dagsetning: 18. október  
Klukkan: 20:00-21:30  
Lengd: 1,5 klst.  
Staður: Framvegis, Borgartún 20 og á netinu  
Leiðbeinandi: Guðmundur Freyr Sveinsson, deildarstjóri kjaradeildar Sameykis

Farið verður yfir uppsetningu og upplýsingar sem fram koma á launaseðlum og hvernig reiknaðar stærðir verða til eftir kjarasamningum og opinberum gjöldum ásamt fleiru. Einnig verða sýndar launareiknivélar sem geta aðstoðað við launaútreikninga og nemendur fá verkefni til að þjálf launaútreikninga.

### 7 og 8 Förðun og umhirða húðar

Hópur 1: Þriðjudagur 25. október  
Klukkan: 19:00-21:00  
Hópur 2: Miðvikudagur 26. október  
Klukkan: 17:00-19:00  
Lengd: 2 klst.  
Staður: Framvegis, Borgartún 20  
Leiðbeinandi: Heiðis Einarsdóttir förðunarfræðingur og hársnyrtmeistari.



Viltu læra réttu handtökin við förðun og hvernig þú notar förðunardótið þitt? Farið er yfir rétt val á farða fyrir hverja húðtýpu, hvernig er best að skyggja og setja ljóma á húðina með tilliti til andlitsfalls, litarháttar og fleira. Komið endilega með förðunardótið ykkar með og Heiðdís kíkir í snyrtibudduna með ykkur.

## Matur og loftslagsbreytingar

Dagsetning: Mánudagur 31. október

Klukkan: 17:30-22:00

Lengd: 4 til 4,5 klst.

Staður: Hússtjórnarskóli Reykjavíkur, Sólvallagötu 12

Leiðbeinandi: Dóra Svavarsdóttir matreiðslumeistari og kennari.

Loftslagsvænn matur verður eldaður og fjallað verður um áhrif þess sem við borðum á losun gróðurhúsalofttegunda. Þátttakendur eru hvattir til að taka með sér eitthvað sem hefur dagað upp í skápum, t.d. þurrvöru og við notum það m.a. til að töfra fram nýjan mat.



## Sparnaður og lán í verðbólgu og hækkandi vöxtum

Dagsetning: Þriðjudagur 1. nóvember

Klukkan: 20:00-21:30

Lengd: 1,5 klst.

Staður: Netviðburður

Leiðbeinandi: Björn Berg Gunnarsson, deildarstjóri Greiningar og fræðslu Íslandsbanka.

Á skömmum tíma hafa aðstæður til ávöxtunar fjármuna og lántöku gjörbreyst. Vextir hafa hækkað mikið og langt er síðan verðbólga hefur mælst jafn mikill. Hvers vegna hefur þetta gerst og í hvað stefnir? Hvaða áhrif hafa þessar breytingar á heimilisfjármálin og hvernig getum við brugðist við?



## Brauðtertuskreytingar

Dagsetning: Fimmtudagur 3. nóvember

Klukkan: 17:30-19:30

Lengd: 2 klst.

Staður: Framvegis, Borgartún 20

Leiðbeinandi: Hjördís Dögg Grímarsdóttir eigandi baksturssiðunnar mömmur.is

Á námskeiðinu verður fjallað um brauðterturt og brauðtertuskreytingar. Þátttakendur spreyta sig í framhaldinu á brauðtertugerð og læra að gera gómsæta og óðrúvísi brauðterturt. Þátttakendur taka brauðtertuna með sér heim.

## Að verða pabbi; jákvæð sálfræði fyrir feður

Dagsetning: Mánudagur 7. nóvember

Klukkan: 19:00-21:30

Lengd: 2,5 klst.

Staður: Framvegis, Borgartún 20

Leiðbeinandi: Tryggvi Þór Kristjánsson, MA-diploma í jákvæðri sálfræði

Á þessu námskeiði er leitast við að gefa nýjum feðrum innsýn í föðurhlutverkið og útskýra hvernig hugmyndafræði jákvæðrar sálfræði getur hjálpað þeim að takast á við sitt nýja hlutverk. Þó námskeiðið sé aðallega hugsað fyrir nýbakaða feður eru allir feður velkomnir!



## Konfektnámskeið

Dagsetning: Þriðjudagur 8. nóvember

Klukkan: 18:00-19:30/20:00

Lengd: 1,5-2 klst.

Staður: Mathöllin Borgartúni 29, salurinn Alþingi

Leiðbeinandi: Halldór Kr. Sigurðsson bakari og konditor. Hann hefur í fjölda ára kennt áhugasömum að búa til dýrindis konfekt, kransakökur og páskaegg.

## Styrkleikastofa

Dagsetning: Fimmtudagur 10., 17., 24. nóvember og 1. desember

Klukkan: 18:00-19:30

Lengd: 6 klst.

Staður: Framvegis, Borgartún 20

Leiðbeinendur: Helga Tryggvadóttir náms- og starfsráðgjafi og Vigdís Þyri Ásmundsdóttir sérfræðingur í menntun fullorðinna, báðar með MA-diploma í jákvæðri sálfræði.

Veistu hverjir styrkleikar þínir eru og hvernig er hægt að nýta þá til að bæta lífið? Fjallað verður um hvað styrkleikar eru, hvernig þeir birtast hjá okkur, hvernig hægt er að nýta þá á nýjan hátt og þróa þannig að það komi okkur til góða og auki hamingju. Þátttakendur greina styrkleika sína og kenndar eru hagnýtar aðferðir sem þátttakendur geta notað til að efla eigin styrkleika.

## Lærðu að þrjóna húfu

Dagsetningar: Mánudagur 14., 21. og 28. nóvember.

Hópur 1 Klukkan: 18:00-19:00

Hópur 2 Klukkan: 19:00-20:00

Lengd: 3 klst.

Staður: Netviðburður

Leiðbeinandi: Tinna Laufdal stofnandi Tiny Viking.

Þrjú vikna netnámskeið þar sem þátttakendur þrjóna húfu.

Við þrjónum saman alveg frá því að fitja upp til fullkláraðs stykkis. Yfir 30 myndskleið sem þú spilar og stöðvar að vild. Við hittumst svo 1x í viku á Zoom þar sem við förum yfir hvar við erum stórn. Athugið að það er heimavinna líka.

## Ukulele

Dagsetning: Þriðjudagur 15. og 29. nóvember og 6. desember

15.nóv. Klukkan: 18:00-20:00 annars 19:00-21:00

Lengd: 6 klst.

Staður: Framvegis, Borgartún 20

Leiðbeinandi: Svavar Knútur tónlistarmaður Áhugavert námskeið þar sem nemendur koma með sitt eigið ukulele. Svavar Knútur kynnir þetta bráðskemmtilega hljóðfæri og fer yfir grundvallaratriði í leik og söng með samspili og leiðsögn. Þátttakendum er boðið að taka með sér barn eða barnabarn og læra saman á Ukulele.

## Að næra delluna sína – fyrir 60+

Dagsetning: Þriðjudagur 15. nóvember

Klukkan: 20:00-21:30

Lengd: 1,5 klst.

Staður: Framvegis, Borgartún 20

Leiðbeinendur: Guðbjörg Björnsdóttir iðjuþjálfari og Ingibjörg Valgeirsdóttir, MBA, BA í uppeldis- og menntunarræðum, báðar með MA-diploma í jákvæðri sálfræði og yogakennararéttindi.

Fræðsla fyrir fólk á besta aldri sem er að velta fyrir sér lífsgæðum. Í hverju gleymdir þú þér sem barn? Hvað veitir þér ánægju í dag? „Dellur“ hafa stundum fengið neikvætt hlaðna merkingu í daglegu tali en í „dellum“ felast heilmikil lífsgæði. Hvar gleymir þú þér í flæði? Fjallað verður um styrkleika, flæðiskenningu Mihaly Csikszentmihalyi (flow theory), tengsl og fleiri áhrifamikla grunnþætti lífsgæða.

## Mátturinn í næringunni – framhald/nýtt

Dagsetning: Miðvikudagur 16. nóvember

Klukkan: 19:00-20:30

Lengd: 1,5 klst.

Staður: Netviðburður

Leiðbeinandi: Elísa Viðarsdóttir, matvæla- og næringarfræðingur

Elísa Viðarsdóttir snýr aftur í Gott að vita með fræðslu um næringu og lífsstíl. Í fyrirlestrinum mun Elísa fara yfir leiðir til þess að auðvelda valið þegar kemur að mat og matvælum. Hvernig get ég aukið líkurnar á því að næra mig betur og þar af leiðandi nýta matinn til þess að auka lífsgæði.



## Mitt eigið breytingaskeið

Dagsetning: Þriðjudagur 22. nóvember

Klukkan: 17:30-18:30

Lengd: 1 klst.

Staður: Framvegis Borgartún 20 og á netinu

Leiðbeinandi: Hanna Lilja Oddgeirsdóttir er lækni og er að klára sérhæfingu sem kvensjúkðóma- og fæðingarlæknir, stofnandi og eigandi GynaMedica.

Fræðsluerindi um mismunandi lífsskeið kvenna, tíðahringinn og breytingaskeiðið og þau áhrif sem hormónasveiflur hafa á okkur bæði andlega og líkamlega og hvað við getum gert til að takast á við áskoranir þeim tengdum. Aðaláherslan verður á breytingaskeiðið sjálf, af hverju förum við á breytingarskeiðið? Hver eru einkenni, meðferð og úrræði.

# Morgunfundir með Sameyki

Sameyki hóf göngu morgunverðarfunda með félagsfólki í byrjun september. Fyrsti morgunverðarfundurinn var haldinn 6. september sl. Efni fundanna eru kjarasamningarnir framundan, staðan í samfélaginu og reynslan af síðustu kjarasamningum. Á fundunum gefst tækifæri til að ræða saman og koma á framfæri skoðunum um kjaramál og hvað Sameyki á að leggja áherslu á við gerð næstu kjarasamninga.

## Morgunverðarfundir Sameykis

Tími	Staður
20. september kl. 8-10,	Grettisgötu 89 Reykjavík #3
27. september kl. 8-10	Grettisgötu 89 Reykjavík #4
28. september kl. 8:15-10	Hótel Kea, Hafnarstræti 87 Akureyri
30. september kl. 10-11:30	Fundur með fjarfundarbúnaði TEAMS
4. október kl. 12-14	Frímúrararhúsið Ísafirði, Aðalstræti 35
5. október kl. 8-10	Reykjavík #5, Grettisgötu 89
10. október kl. 12-14	Icehotel Hérað, Miðvangi 3-5 Egilsstaðir
14. október kl. 10-11:15	Blönduós/Skagaströnd
Fös. 14. október kl. 12:15-13:30	Sauðárkróki



## Umræður um kjaramál og kjarasamninga

Á fundunum er því kærkomið tækifæri fyrir félagsfólk til þess að koma á nánari tengslum og skapa umræður um kjaramál o.fl. Á hverjum fundi er hámark 30 þátttakendur, blanda af félagsfólki og fulltrúum úr stjórn Sameykis og starfsfólki félagsins.

Nauðsynlegt að skrá sig á vef Sameykis til að taka þátt. ■

# Grjótharðir göngugarpar í stuði

Grjótharðir göngugarpar er hópur fólks í Lífeyrisdeild Sameykis sem hefur gengið saman á hverjum vetri og fram á vor. Nú hefur hópurinn búið til dagskrá þar sem gengið er saman víðs vegar á höfuðborgarsvæðinu.

Gengið er á miðvikudögum kl. 10:30 og safnast saman á eftirtöldum stöðum: í Laugardalslaug (anddyri), í Vesturbæjarlaug við Hofsvallagötu, á Árbæjarsafni við nýrða bílastæðið og loks í Skóg-ræktinni í Fossvogi neðan Borgarspítala Allir gestir eru velkomnir.

Lífeyrisdeild Sameykis vill minna þau sem eru að fara á lífeyri á að skrá sig í Lífeyrisdeild Sameykis til að fá fréttabréfið, aðgang að símenntunarstyrkjum og skemmtilegum viðburðum. Hægt er gera það á vefsíðu Sameykis – sameyki.is. ■



Allir eru velkomnir í göngur með Grjóthörðum göngugörpum. Gengið verður saman, alveg sama hvernig viðrar – eða næstum því.

## Göngudagskrá Grjótharðra göngugarpa 2022-2023

September 2022	Staður	Janúar 2023	Staður
7. september	Laugardalur	4. janúar	Vesturbæjarlaug
14. september	Vesturbæjarlaug	11. janúar	Árbæjarsafn
21. september	Árbæjarsafn	18. janúar	Fossvogur
28. september	Fossvogur	25. janúar	Laugardalur

September 2022	Febrúar 2023
5. október	1. febrúar
12. október	8. febrúar
19. október	15. febrúar
26. október	22. febrúar

Nóvember 2022	Mars 2023
2. nóvember	1. mars
9. nóvember	8. mars
16. nóvember	15. mars
23. nóvember	22. mars
30. nóvember	29. mars

Desember 2022	Apríl 2023
7. desember	5. apríl
14. desember	12. apríl
21. desember	19. apríl
28. desember	26. apríl

Göngur í maí 2023 hafa ekki enn verið skipulagðar.

# BSRB vill að aukið fé verði sótt í vasa sjávarútvegsfyrirtækja

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, hagfræðingur BSRB, sagði í viðtali við Fréttablaðið að þeir sem hafi breiðustu bökin þurfi að leggja meira fram til samneyslunnar. Flótti sé hafinn úr heilbrigðisgeiranum og varði miklu að verja grunnstoðirnar þótt mikil þensla sé í hagkerfinu og óvissa fram undan í efnahagsmálum.

Sigríður Ingibjörg sagði að innviðirnir, heilbrigðiskerfið og velferðarkerfið, hefðu verið vanfjármögnuð um árabíl og heilbrigðiskerfi sé illa statt sem hefur verið undir gríðarlegu álagi. Þá sagði hún að BSRB sæi að flótti starfsfólks væri hafinn, til dæmis af Landspítalanum. BSRB hafi lagt gríðarlega áherslu á mikilvægi þess að auka fjármuni inn í þessar stofnanir ríkisins og ítrekaði að áhersla bandalagsins væri bæði til að tryggja þjónustuna en ekki síður til að tryggja aðbúnað og öryggi starfsfólksins þar. Hún benti á að til að styrkja innviðina, kerfin sem almenningur treysti á, þurfi að vera vilji hjá stjórnvöldum til að sækja tekjur til þeirra sem séu aflögufærir og að útgerðin og stóreignafólk þyrfti að leggja meira til samfélagsins.

Þá benti hún á að skattalækkunar stjórnvalda á síðasta kjörtímabili hefðu ekki verið fjármagnaðar. „Við studdum skattalækkunar á láglaunahópa og millitekjufólk en við bentum líka á að það þyrfti að finna aðra fjármuni í staðinn,“ sagði Sigríður Ingibjörg við Fréttablaðið.

Varðandi húsnæðisvandann sem nú er uppi sagði hún:



Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, hagfræðingur BSRB. Ljósmynd/Axel Jón

„Eitt stærsta vandamálið er að hér hefur skort húsnæðisstefnu allt síðan verkamannabústaðir voru lagðir af fyrir tæpum aldarfjórðungi. Lausnin átti að vera að lána fólk miklu meiri peninga en það hefur skilað sér í ömurlegri stöðu eins og við sjáum núna. Það verður að bæta verulega í almenna íbúðakerfið til að tryggja húsnæðisöryggi fólks í lægri tekjuhópnum.“ ■

## Ferðir á söguslóðir Reykjaness

Þrjár skipulagðar ferðir um Reykjanes með Lífeyrisdeild Sameykis voru farnar í sumar. Uppselt var í allar ferðirnar þar sem fólk naut leiðsagnar Harðar Gíslasonar um svæðið. Alls voru farnar þrjár ferðir, 60 manns í hverri ferð. Hist var í félagamiðstöðinni á Grettisgötu 89 og þaðan var haldið af stað að Kleifarvatni í Krýsuvík og jarðsaga þessa náttúruundurs sögð. Athygli gesta var vakin á að ekkert ferskvatn rennur í né úr vatninu.

### Humarsúpa og eldgos

Leiðin lá gegnum Krýsuvík til Grindavíkur og snædd var hin fræga humarsúpa Bryggjunnar. Eftir kræsingarnar á veitingastaðnum Bryggjunni var ekið áleiðis vestur á Reykjanesið í kringum fjallið Þorbjörn sem hefur verið undir smásjá jarðfræðinga og eldfjallafræðinga vegna jarðhræringa undanfarið og eldgoss eins og alþjóð veit. Ekið var áfram, til að skoða fleiri fyrirbæri meðfram vesturströndinni, að brúnni milli Evrópu og Ameríku, en samkvæmt jarðfræðikenningum þrýstast Evrasíu- og Norður-Ameríkuflukarnir hvor frá öðrum. Flekaskilin afmarkast af gosreinum, gjám og gígaröðum sem liggja frá Reykjanesi og norðaustur eftir Íslandi.

### „Hún skal bera nafnið Eldey“

Reykjanesviti var því næst heimsóttur og gestir fengu að heyra sögu hans og tilurð. Í fjarska stendur Eldey úti í hafi og fengu fróðleiksúsir að heyra söguna af því þegar söngkonan dáða,

Elly Vilhjálm, fæddist og hvernig hún fékk nafnið Eldey. Það vildi þannig til, að á þeim tíma sem hún kom í heiminn í Höfnum, tíðkaðist ekki að feður stæðu gapandi yfir fæðingum barna sinna. Faðir hennar, Vilhjálmur Hinrik Ívarsson, gekk úr húsum meðan á fæðingu hennar stóð og horfði til hafs. Við blasti Eldey og ákvað hann þá að hún skyldi bera nafn eyjunnar að millinafni, en Elly var skírð Henný Eldey. Þaðan var ekið til sjávarþorpsins Hafna og Kirkjuvogskirkja skoðuð. Kirkjan var byggð 1860–1861. Stórbýli sveitarinnar munu hafa verið þrjú á miðöldum á þessum slóðum; Kirkjuvogur, Kotvogur og Kalmanstjörn. Þá áttu sókn að kirkjunni nokkur önnur stórbýli sem mestu hlunnindin höfðu eins Sandhöfn og Kirkjuhöfn og mun nafnið Hafnir vera dregið af þeim.

### Allt er gott sem endar vel

Hin fagra Hvalsneskirkja sunnan Sandgerðis var skoðuð sem var vígð 1887 og er kirkja Sandgerðinga. Að því loknu var ekið að Garðskagavita og byggðasafnið skoðað og þá var tekið að liða á daginn og nokkrar garnir farnar að gaula.

Endað var á að heimsækja veitingastaðinn Rána þar sem boðið var upp á hlaðborð. Að loknum kvöldmat var klukkan farin að nálgast kvöldfréttatíma og því var ekið til baka að félagamiðstöðinni á Grettisgötu og ferðafélagar kvaddir með brosi á vör eftir vel heppnaða ferð um söguslóðir Reykjaness. Ljósmyndir úr ferðunum má skoða á vef Sameykis. ■

Krossgátulausn



ALANDS VINDUR  
MÁLDRÖG  
MÁNDUR  
FRUTI  
AMBLA  
OSKJÓTTAN  
HILTI KRASDA  
FIFLAST  
MÚÐUR  
AVÖTUR  
OSLA  
EFTI  
BRAX  
ERGLA  
AKVEMU  
YKKIS  
FOEM  
DEIÐLA  
STEIN  
TESUND  
SEYTLAR  
MELI  
BETA  
STOPPA Í  
FRERI  
SELUR  
MÖRK  
SVERKA  
BLEKING  
HÖGÐÖNN  
SLA  
GALI  
DRYKKUR  
MALT

ÁLANDS VINDUR  
LÖGFOLA  
HLOÐIR  
S  
FRAM-  
FYRRA  
LÖÐRMUR  
I  
KVEIÐ  
NEÐRI  
VÖ  
DRALL  
H V Í T I N G U R  
M A Í Ó G N U N U  
F Ó L L A N D S  
Á L A S A G I L  
A T A S T P A R  
S K R Ö L T K Í V Í  
T R O L L V A F I F R Í  
R O T E R G I A M A S K J A N  
F E T Y N N I S U N A Ð S T J Á S A  
N A F N R A K I A R K  
D A G A R Y N G R I S  
I L S I G A N N A R B T  
H N Ú I A G N I L A  
G G S T A G A A L V E G  
S A F N U R T A E I K  
L R A S P A S E S S  
A T O R K A V Í G T Ö N N  
G Á S K I R A U N G Æ I  
M A L T L J Á R V A R A F U R Ð

Lausnarorðið er **Spræk**



Sudoku lausnir



8	7	1	2	3	9	6	5	4
9	3	5	6	4	8	2	7	1
6	2	4	1	7	5	9	8	3
5	9	7	4	1	2	3	6	8
2	4	3	5	8	6	7	1	9
1	6	8	7	9	3	5	4	2
3	5	2	8	6	1	4	9	7
4	8	9	3	5	7	1	2	6
7	1	6	9	2	4	8	3	5

Lausn létt

8	5	7	2	6	3	1	4	9
9	4	3	1	5	7	2	6	8
1	6	2	8	4	9	3	5	7
7	1	9	3	2	6	4	8	5
5	3	6	4	1	8	7	9	2
4	2	8	9	7	5	6	3	1
6	8	5	7	3	1	9	2	4
2	9	1	6	8	4	5	7	3
3	7	4	5	9	2	8	1	6

Lausn miðlungs

3	2	1	8	9	4	6	5	7
7	8	5	6	1	2	3	4	9
9	4	6	5	3	7	2	8	1
1	5	3	2	7	9	4	6	8
8	7	9	4	6	5	1	2	3
4	6	2	1	8	3	7	9	5
5	3	7	9	2	6	8	1	4
6	9	8	3	4	1	5	7	2
2	1	4	7	5	8	9	3	6

Lausn erfið

		4	9		2			7
		3		6	4	8		
	8		3			4	6	9
	1						4	
	7			2		1		
				7		2	8	3
		5			1		2	
4		6		3		9		1
8						6	7	4

Létt

7			6					5
				7		4		
5	1		2			3		
			9	6		7		
		8			7	6		
						2	3	
	2		3		9			
1	9			5				2
		4	1					

Miðlungs

		8	4					
		7	3					
	9	4	6				7	
8	1							2
7							4	
		3				5		
5			7				3	
3			2		4			
		6		1				4

Erfið



Vinningshafi krossgátunnar



Vinningshafi krossgátunnar að þessu sinni er Lóa Gerður Baldursdóttir. Hún býr í Hraunbæ og er félagi í Lífeyrisdeild Sameykis.

Lóa var að baða sig í sólinni í Portúgal þegar blaðamaður Sameykis hringdi í hana til að tilkynna henni um vinninginn. Mátti hún varla vera að því að svara því hún var á leiðinni til höfuðstaðarins Lissabon að njóta borgarinnar. „Ég er margbúin að senda inn krossgátulausnina því ég glími alltaf við þær í blaðinu og aldrei hefur það hvarflað að mér að ég fengi verðlaunin,“ sagði Lóa svoltið hissa.

Lóa ætlar að hugsa sig um á meðan hún er í sólarlöndum hvort hún velji sér bústað eða þiggja 12.000 krónurnar. Sameyki óskar Lóu til hamingju með vinninginn. ■





# LAUNASKÓLINN HEFST Í OKTÓBER

**Þema I** - Opinber vinnumarkaður, ráðning, starfslok og starfsskyldur

**Þema II** - Vinnutími og afgreiðsla launa

**Þema III** - Fjarvera frá vinnu - launaðar og ólaunaðar fjarvistir

**Þema IV** - Mannauður og starfsþróun

**Þema V** - Meðferð persónuupplýsinga og skjalastjórnun

**Þema VI** - Hlutverk og hæfni launafulltrúans

SKANNAÐU MIG



Þátttakendur geta valið að skrá sig á öll námskeið námslínunnar eða valið þau námskeið sem höfða sérstaklega til þeirra. Námskeiðin eru aðildarfélögum að kostnaðarlausu.

Frekari upplýsingar má finna á [smennt.is](https://smennt.is) eða með því að skanna QR-kóðann